

# FRÉTTABLAÐIÐ

190. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

LAUGARDAGUR 13. ÁGÚST 2016

## Dansinn krefst fórna

Mæðginin **Katrín Hall** og **Frank Fannar Pedersen** hafa bæði helgað sig listdansi, rifið sig upp með rötum og elt ástríðuna um víða veröld. Nú taka við ný ævintýri. ➔30



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Býr til  
eigin ost  
➔66



Fjör í Ríó ➔38



Ævintýraheimur  
larparanna ➔34

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK • ENSKI BOLTINN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

365 | Apple tv

APPLE TV 4 Á 0 KR.  
Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift að völdum pökkum 365.

Við óskum þér góðrar skemmtunar


365

Kringlan

SKÓLA  
DAGAR

ALLT FYRIR  
SKÓLANN Á  
EINUM STAÐ

## Veður



Suðvestan og vestan 3-10 m/s í dag. Skýjað veður og smáskúrir, en þokka-legir sólskinskaflar austanlands. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Norðaustur- og Austurlandi. **SJÁ SIÐU 50**



Landsbankinn segist hafa tapað fé við söluna á Borgun þar sem bankanum hafi ekki verið veittar nauðsynlegar upplýsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Landsbankinn höfðar mál vegna Borgunar

**VIÐSKIPTI** Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að höfða mál fyrir dómstólum vegna sölu á 31,2 prósentu hlut bankans í Borgun í nóvember 2014 til hóps fjárfesta og stjórnenda Borgunar árið 2014. Síðan þá hafa arðgreiðslur til hópsins sem keypti hlut Landsbankans í Borgun numið 932 milljónum króna á tveimur árum.

Í tilkynningu kemur fram að bankaráðið telji að bankinn hafi farið á mis við fjármuni í viðskiptunum þar sem bankanum hafi ekki verið veittar nauðsynlegar upplýsingar.

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Landsbankans, segir að ekki sé búið að taka frekari ákvarðanir en að höfða dómsmál. Því væri ekki búið að ákveða hverjum yrði stefnt eða hvenær dómsmálið yrði höfðað.

Í lok síðasta árs kom í ljós að Borgun fengi milljarðagreiðslur vegna valréttar sem Visa International nýtti til að kaupa Visa Europe. Landsbankinn segist aldrei hafa haft vitneskju um að Borgun ætti rétt á greiðslum vegna valréttarins. – ih

## Herskip í höfn



Spænska herskipið Mendez Nunes er í Reykjavíkurhöfn við Skarfabakka ásamt portúgalska herskipinu Alvares Cabral. Bæði skipin eru hér á vegum Atlantshafsbandalagsins og verða við æfingar í Atlantshafi næstu vikurnar. Almennig getur skoðað skipin um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þingmenn efstir í prófkjöri

**STJÓRN MÁL** Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata, hlaut efsta sætið í sameiginlegu prófkjöri flokksins fyrir Reykjavíkarkjördæmin og Suðvesturkjördæmi. Niðurstöðurnar voru birtar í gær.

Jón Þór Ólafsson, fyrrverandi þingmaður Pirata, hlaut annað sætið og Ásta Guðrún Helgadóttir þingkona það þriðja.

Næstu sæti skipa svo þau Björn Lévi Gunnarsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Viktor Orri Valgarðsson, Halldóra Mogensen, Andri Þór Sturluson, Sara E. Þórðardóttir Oskarsson og Þór Saari. – ai / fbj



Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata

# Vilja ekki bílastæði yfir kriuvarp í Dyrhólaey

Leggja á bílastæði yfir stærsta kriuvarpsvæði í Dyrhólaey. Íbúar og ábúendur krefjast þess að fyrirhugaðar framkvæmdir verði stöðvaðar. Allt að 4.500 manns heimsækja eyjuna á dag. Saur og klósettpappír víða að finna um móa og mela.

**UMHVERFISMÁL** Íbúar og ábúendur í Dyrhólhverfi krefjast þess að Umhverfisstofnun hætti við fyrirhugaðar framkvæmdir í fuglafriðlandi eyjunnar. „Við fórum á fund í vikunni með Umhverfisstofnun og settum fram þá kröfu að stöðva strax fyrirhugaða lagningu bílastæðis yfir stærsta varpsvæði kriuvarnar í eyinni,“ segir hún.

Hún segir ástandi Dyrhólaeyjar hafa hrakað mjög með auknu aðgengi og ferðamannafjölda í eyinni. Um 4.500 manns heimsækja Dyrhólaey á hverjum degi. „Í dag koma á bilinu 90-150 bílar í eyna á hverri klukkustund. Umhverfisstofnun vill fjarlægja gamla bílastæði á Lágey og gera nýtt bílastæði fyrir 45 bíla í fuglafriðlandinu og þar á líka að vera klósettaðstaða. Fyrirhugað nýtt 45 bíla bílastæði er álíka stórt og núverandi bílastæði sem annar auðvitað ekki þeim fjölda sem kemur nú,“ segir Eva Dögg.

Salernisaðstaða í eyinni hefur verið lokuð í allt sumar. Því hefur saur og klósettpappír verið að finna víða um eyna. Ábúendur og íbúar segja að friðlandið sem áður var náttúruparadís, standi ekki undir nafni. Þá fara bændur á svæðinu fram á að Umhverfisstofnun bæði stöðvi framkvæmdirnar og leggi fjármagn sem til þeirra var ætlað í rannsóknir á fugla- og plöntulífi, á eðli og hegðun gesta svæðisins og þörmörkum þess.

Snorri Baldursson formaður Landverndar, segir kriuna hafa flutt varp sitt á umrætt svæði fyrir tveimur árum. Varpið hafi ekki verið á umræddum stað þegar framkvæmdir voru ákveðnar



Ásókn á svæðið er mikil en 90 til 150 bílar keyra í eyna á klukkustund. MYND/EVA

» Dyrhólaey er fuglafriðland sem var friðlýst árið 1978 að frumkvæði og ósk bænda í Dyrhólhverfi. Markmiðið með friðlýsingu var að vernda eyna sem einstakt náttúrufrirbrigði og ekki hvað síst að vernda það fugla- og dýralíf sem í henni var.

og Umhverfisstofnun hljóti að taka mið af breyttum aðstæðum. „Aðstæður geta breyst mjög hratt og það þarf að vera möguleiki á að bregðast við þeim,“ segir Snorri en eigendur gerðu ekki athugasemdir við deiliskipulag fyrir tveimur árum.

Honum finnst koma til greina að takmarka fjölda gesta í eyna. „Það má fara að huga að því að takmarka umferð í eyna og það þarf að rannsaka hvað eyjan þolir marga ferðamenn á dag. Kannski er rétt að gera tálma. En svo getur fólk líka gengið og þá er hægt að nota almenningssamgöngur,“ segir Snorri.

kristjanabjorg@frettabladid.is


## ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

almennaleigufelagid.is

Langtíma leigusamningur

Sveigjanleiki

24/7 þjónusta



UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ

# SKÓLA DAGAR

ALLT FYRIR SKÓLANN  
Á EINUM STAÐ



OPIÐ  
LAUGARDAG 10-18  
SUNNUDAG 13-18

Kringlan

TÖLUR VIKUNNAR 07.08.16–13.08.2016

30%

fleiri ferðamenn sóttu landið heim í júlímánuði en á sama tíma í fyrra samkvæmt talningu í Leifstöð.



2 voru settir í gæsluvarðhald í kjölfar hópslagmála í Breiðholti þar sem beitt var skotvopni.



49 ár eru síðan Bandaríkjaher yfirgaf Camp Century herstöðina á norðvestanverðu Grænlandi. Þar óttast menn nú að komi upp geislavirkur úrgangur vegna bráðunar Grænlandsjökuls.

79 þjóðsöngva hefur ellefu ára gömul kanadísk stúlka sungið í heimsóknum sínum til jafnmargra landa, síðast kom hún hingað til lands.



14.000

nemendur og ríflega það setjast á skólabekk í grunnskólum höfuðborgarinnar í haust. Ný börn í sex ára bekk eru um 1.500 talsins.

358

var metfjöldi fæðinga á Sjúkrahúsinu á Akranesi árið 2010. Vegna lengri sængurlegru en byðst í Reykjavík hefur þeim konum fjölgað sem kjósa að fæða þar.



12,3 milljónir

króna setur Rauði kross Íslands í björgunar- og stuðningsaðgerðir við flóttafólk sem bargað er á Miðjarðarhafi.



24 ár

er allt of langur aðlögunartími fyrir hækun almenns eftirlaunaaldurs úr 67 árum í 70 að mati meirihluta fjárlaganefndar, 15 ár væru nær lagi.



80%

lundapysja í Vestmannaeyjum hafa drepist á skömmum tíma vegna fæðuskorts.



## Þrjú í fréttum Prófkjör, mjólk og BDSM

Lilja Dögg Alfreðsdóttir  
utanríkisráðherra

mun sækjast eftir fyrsta sæti á frambóðslista Framsóknarflokksins í Reykjavíkarkjördæmi suður. Kosid verður á milli þeirra sem gefa kost á sér í fyrstu sætin á tvöföldu kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Reykjavík þann 27. ágúst næstkomandi. Lilja ætlar hins vegar ekki að bjóða sig fram í formanns-embættið.



Hálf dán Óskarsson,  
framkvæmdastjóri Örnú

segir stefna í að velta Örnú tvöfaldist. Hann sér fram á fimm til sex hundruð milljóna króna veltu á árinu og hagnað í fyrsta sinn frá stofnun Örnú. Rekstur fyrirtækisins hafi verið erfiður til að byrja með en hafi nú breyst til batnaðar. Starfsemi Örnú segir hann háða því að neytendur standi með fyrirtækinu þar sem samkeppni við Mjólkursamsöluna sé erfið.



Magnús Hákonarson,  
formaður BDSM á Íslandi

segir þátttöku BDSM á Íslandi í Gleðigöngunni mjög mikilvægan áfanga fyrir félagið. Þátttakan stuðli að því að auka sýnileika félagsins sem og að sýna fjölbreytnina í hinsegin flórinni. Ókvæðisorð voru hrópuð að hópi BDSM-fólks í göngunni. Magnús segir það sýna mikilvægi þátttöku þeirra.



# Kú mjólkurbú telur MS geta hindrað vöxt samkeppnisaðila

Framkvæmdastjóri KÚ mjólkurbús telur að Mjólkursamsalan geti hindrað vöxt samkeppnisaðila verði búvörusamingar samþykktir óbreyttir. Þá verði Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga undanþegin samkeppnislögum en ekki minni mjólkurbú. Formaður atvinnuveganefndar segir málið til skoðunar.

**LANDBÚNAÐUR** Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri KÚ mjólkurbús, gagnrýnir að með búvörusamningnum sem nú liggja fyrir Alþingi geti MS hindrað frekari vöxt samkeppnisaðila sýnist fyrirtækinu svo. Samkvæmt búvörusamningnum sé fyrirtækinu einungis skylt að selja fimm prósent af framleiðslu sinni til annarra vinnsluadila mjólkur, um sjö milljónir lítra. Nú sé ekkert slíkt ákvæði til staðar.

Ólafur segir að það stefni í að framleiðsla KÚ muni aukast hratt á næstu mánuðum og nema um 2,5 til 3,5 milljónum lítra á ári innan árs. „Þá verðum við sjálfsgat komin upp í þetta þak og getum þá ekki vaxið meira,“ segir Ólafur en hann bendir á að framleiðsla Örnú í Bolungarvík sé nú um 1,5-1,6 milljón lítrar á ári og fari vaxandi. Hálf dán Óskarsson, framkvæmdastjóri mjólkurbúsins Örnú, sagði í viðtali við Markaðinn á miðvikudaginn að það stefndi í að velta fyrirtækisins tvöfaldaðist á þessu ári. Hálf dán bætti við að markaðshlutdeild Örnú væri eitt prósent en þyrfti að vera um tíu prósent til þess að fyrirtækið væri samkeppnishæft.

„Þetta er eitt af þeim atriðum sem nefndin er að skoða,“ segir Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, um ákvæðið. Hann telji vinnu nefndarinnar við breytingatillögur á búvörusamningnum miða vel en naumur tími sé til stefnu. „Ég geri mér vonir um að það verði miklu almennari sátt um þær tillögur sem koma fram en birtust við málsmeðferðina í vor,“ segir Jón. Haft var eftir Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, þingmanni Vinstri grænna og varaformanni



Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Kú mjólkurbús.

Ég geri mér vonir um að það verði miklu almennari sátt um þær tillögur sem koma fram en birtust við málsmeðferðina í vor.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar

atvinnuveganefndar, að stefnt væri að endurskoðunarákvæði í samninginn eftir þrjú ár en upprunalega átti samningurinn að gilda til tíu ára.

Ólafur er einnig ósáttur við að KÚ verði ekki lengur flokkuð sem afurðastöð samkvæmt frumvarpinu. Það verði einungis aðilar sem taki við mjólk úr höndum frumframleiðenda til vinnslu, sem þýði að skilgreiningin nái aðeins yfir MS og Kaupfélag Skagfirðinga.

Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði eru undanþegnar samkeppnislögum. „Verði þetta að lögum verðum við ekki lengur skilgreind afurðastöð né aðrir aðilar sem eru í samkeppni við Mjólkursamsöluna. Hún verður þá eitt fyrirtækja á mjólkurmarkaði undanþegin samkeppnislögum með 98 prósentu markaðshlutdeild,“ segir Ólafur en bæði Arna og KÚ þurfa að kaupa alla hrámjólk af Mjólkursamsölnni. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

## Stjórn málin ekki ævistarf Illuga

**STJÓRN MÁL** „Ég hef verið að hugsa þetta í allt sumar og skipti sú spurning mestu máli hvort ég vildi leggja stjórn málin fyrir mig sem ævistarf eða ekki,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra en hann hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu. Þetta tilkynnti hann í gær en þá rann út frambóðsfrestur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

„Ég hef verið í stjórn málnum í 16 ár og komst að þeirri niðurstöðu að ég vildi ekki að þetta yrði að mínu ævistarfi. Þegar ég komst að því þá fannst mér það blasa við að það yrði ekki auðveldara að taka þá ákvörðun að hætta eftir fjögur ár. Ég ákvað því að gefa ekki kost á mér núna þannig að ég hafi lengri tíma og vonandi fleiri tækifæri en ella í öðru starfi,“ segir hann.

Illugi veit ekki hvað tekur við en segist vona að menntun sín og reynsla í stjórn málnum muni nýtast vel. „Þetta hefur verið skemmtilegur



Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir stjórn málin hafa verið ævintýrleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Atburðarásin í stjórn málnum síðustu ár hefur verið ævintýrleg og það hefur verið áhugavert að vera inni í hringiðu þeirrar atburðarásar.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra

tími. Ég byrjaði sem aðstoðarmaður ráðherra beint eftir námið. Svo varð ég þingmaður, þingflokksformaður og svo ráðherra. Atburðarásin í stjórn málnum síðustu ár hefur verið ævintýrleg og það hefur verið áhugavert að vera inni í hringiðu þeirrar atburðarásar.“

Hann segist ekki hætta að hafa áhuga á stjórn málnum. „Ég mun að sjálfsögðu áfram styðja Sjálfstæðisflokkinn og vil leggja honum allt það lið sem ég get.“ – ngy

Frábært verð á flugsætum

Alicante

Verð frá 9.900 kr.

Á mann m.v. flug aðra leið með tösku á völdum dagsetningum.

Sjá nánar á [vita.is/tilbod](http://vita.is/tilbod)

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA



Húsasmiðjan fagnar  
60 ára afmæli



Skoðaðu  
öll tilboðin  
í Húsasmiðju-  
blaðinu

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**20%**  
afsláttur



**Broil King**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**55.900 kr**  
~~69.900 kr~~

**Monarch 320**

8,8 Kw- 3 Ryðfrír brennarar,  
grill svæði: 37,5 cm x 57,25 cm.  
hitamælir í loki.  
3000603

**24%**  
afsláttur



**Frigor**

ÚTSALA • ÚTSALA

**29.990 kr**  
~~39.900 kr~~

**Frystikista G115**

Orkunýting A+, 103 ltr.  
1805483

**Electrolux**

ÚTSALA • ÚTSALA

**58.990 kr**  
~~76.900~~

**Pvottavél FW30L7120**

7 kg, 1200 sn.  
Orkunýting A+++.  
1805690



**ÚTSALA**  
Á VÖLDUM HEIMILISTÆKJUM

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**1.599 kr/m<sup>2</sup>**  
~~2.289 kr/m<sup>2</sup>~~

**Harðparket eikarplanki**  
8 mm, rústik matt, fasað.  
147050

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**7.839 kr**  
~~9.799 kr~~

**20%**  
afsláttur  
af CEF línunni  
frá BEKA

**Pottur**  
Chef fyrir allar hellur.  
2006490-5

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**2.396 kr**  
~~2.995 kr~~

**20%**  
afsláttur

**Jotun Vegg og loft 3 ltr.**  
7119781-83

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**6.995 kr**  
~~9.995 kr~~

**30%**  
afsláttur

**Höggborvél KR504CRE**  
500W, 13 mm patróna.  
5245599

## POTTAPLÖNTU ÚTSALA

allar pottaplöntur 20-50% afsláttur



**25%**  
afsláttur

ÚTSALA-ÚTSALA  
**1.490 kr**  
~~1.990 kr~~

**Begonia Elatior**  
12 cm pottur.  
11400027

**26%**  
afsláttur

ÚTSALA-ÚTSALA  
**1.990 kr**  
~~2.690 kr~~

Orkidea

**50%**  
afsláttur

ÚTSALA-ÚTSALA  
**745 kr**  
~~1.490 kr~~

Ástareldur



**LEIKHÓPURINN LOTTA**  
skemmtir börnunum  
Laugardag kl. 14:00  
í Skútuvogi



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



Rekstrartekjur og hagnaður Landsbankans drógust saman á fyrri helmingi ársins samanborið við árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

## Hagnaður Landsbankans hefur dregist saman

**VIÐSKIPTI** Afkoma Landsbankans var jákvæð um 11,3 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2016 samanborið við 12,4 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2015.

Fram kemur í tilkynningu að hreinar vaxtatekjur voru 17,6 milljarðar króna og hækkuðu um níu prósent á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur námu 3,9 milljörðum króna og hækkuðu um 14,7 prósent frá sama tímabili árið áður. Virðisbreytingar hækkuðu um 0,4 milljarða króna á milli ára. Aðrar rekstrartekjur námu 4,4 milljörðum króna samanborið við 7,3 milljarða króna ári fyrir og skýrist lækkunin aðallega af minni hagnaði af hluta-

bréfum. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 8,6 prósent á ársgrundvelli samanborið við 10,4 prósent á sama tímabili 2015.

Rekstrartekjur á fyrri helmingi ársins námu 28,2 milljörðum króna samanborið við 28,8 milljarða króna á sama tímabili árið 2015. Rekstrarkostnaður hækkaði um 1,6 prósent á milli ára. Launakostnaður hækkaði í takt við kjarasamninga en annar rekstrarkostnaður bankans lækkaði um 4,5 prósent á milli tímabila.

Heildareignir bankans í lok júní voru um 1.110 milljarðar króna samanborið við 1.173 milljarða króna ári fyrir. Eigið fé bankans var 247,3 milljarðar króna í lok júní. – sg

## LISTAMANNALAUN

• The Artists' Salaries •

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2017 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september, kl. 17:00.

- launasjóður hönnuða
- launasjóður myndlistarmanna
- launasjóður rithöfunda
- launasjóður sviðslistafólks
- launasjóður tónlistarfyltjenda
- launasjóður tónskálda

Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:

- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð – eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa – athugið að sú breyting hefur verið gerð að sviðslistahópa-umsókn er felld inn í atvinnuleikhópa-umsókn.

Umsókn um starfslaun, lög og reglugerðir eru á vefslóðinni [www.listamannalaun.is](http://www.listamannalaun.is). Notaðu þarf íslykil / rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrsla vegna fyrri starfslauna hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Breytingar frá síðustu úthlutun

- Ekki er tekið við umsóknum um ferðastyrki
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum í gegnum umsóknarkerfið. Ekki er hægt að skila gögnum á skrifstofu Rannís

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, [listamannalaun@rannis.is](mailto:listamannalaun@rannis.is)

Stjórn listamannalauna, ágúst 2016



rannís  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

## Kastró níraeður



Á Kúbu er í dag haldið upp á níraeðisafmæli Fidels Kastró, sem var þjóðhöfðingi þar í nærri hálfu öld, allt frá byltingunni 1959 þar til hann vegna aldurs og heilsuþrestra eftirlét bróður sínum völdin árið 2008. NORDICPHOTOS/AFP

# Einn frambjóðandi hefur skilað uppgjöri

Guðrún Margrét Pálsdóttir, hefur ein forsetaframbjóðenda skilað inn uppgjöri um kostnað við framboð sitt. Aðrir hafa tíma til 25. september. Upplýsa þarf um framlög lögaðila og einstaklinga sem styrkja um meira en 200 þúsund krónur.

**KOSNINGAR** Guðrún Margrét Pálsdóttir hefur ein forsetaframbjóðenda skilað inn uppgjöri til ríkisendurskoðunar um forsetaframboð sitt samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni. Guðrún segir framboð sitt hafa kostað 536 þúsund krónur. Henni hafi verið gefnir bæklingar að verðmæti 150 þúsund króna en afgangurinn hafi verið fjármagnaður úr eigin vasa.

Hinir frambjóðendurnir hafa þó enn tíma til að skila inn uppgjöri eða fram til 25. september en þá verða þrjár mánuðir liðnir frá kjördegi. Ef kostnaður framboðs var undir 400 þúsund krónum dugar að senda yfirlýsingu þess efnis. Sé kostnaðurinn meiri þarf að skila inn uppgjöri um framboðið með upplýsingum um kostnað og fjármögnun framboðsins. Upplýsa þarf um alla lögaðila sem styrktu framboðið auk einstaklinga sem styrktu



Andri Snær Magnason, rithöfundur og forsetaframbjóðandi

Mitt fólk er rétt að detta úr sumarfríi.



framboðið um meira en 200 þúsund krónur. Lögaðilar og einstaklingar mega að hámarki styrkja framboð um 400 þúsund krónur. Heildarkostnaður við framboðin mátti ekki fara yfir 38 milljónir króna.

Sturla Jónsson og Hildur Þórdardóttir segja bæði að framboð sitt hafi kostað undir 400 þúsund krónum. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður við framboð Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, að

sögn Þorgerðar Önnu Arnardóttur, formanns félagsins sem hélt utan um framboð Guðna. „Nei, það er enn í vinnslu, það eru enn að koma síðustu reikningar,“ segir Þorgerður. Guðni sagði sjálfur í kosningasjónvarpi RÚV að kostnaður við framboðið væri vel á annan tug milljóna króna. Andri Snær Magnason, segir að á næstu vikum verði farið yfir hver endanlegur kostnaður var við framboðið. „Mitt fólk er rétt að detta úr sumarfríi,“ segir Andri.

Þá segist Elísabet Jökulsdóttir ekki hafa tekið saman kostnað við framboð sitt en myndi örugglega skila inn uppgjöri degi áður en fresturinn rynni út. Davíð Oddsson áætlaði í kosningasjónvarpi RÚV að framboð hans kostaði 6-7 milljónir þótt sú tala gæti hækkað. Ekki náðist í talsmenn framboðs Davíðs, Höllu Tómasdóttur eða Ástþórs Magnússonar. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)



FRAMLENGJUM  
**25%**  
AFSLÁTT  
AF ÖLLUM  
SKÓLATÖSKUM



IEVA Beckmann og PULSE  
skólatöskur í miklu úrvali



verð frá  
**479kr**

Trélitir þristrendir



verð frá  
**149kr**

Netapoki A4/A5/A6



**299kr**

Áherslupenni



**129kr**

Stílabók A4 vírheft, 4 litir



**239kr**

Stílabók A4 gorma



**69kr**

Stílabók A5 vírheft, 4 litir



**199kr**

Staedtler Rapsol  
strokleður stórt



**1.899kr**

Vaxlitir Neocolor 10 stk.



**389kr**

Teygjumappa  
A4 plast

Gildir til 14. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Kringslunni, Skeifunni og á hagkaup.is, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eidiðstorgi.



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## Viðreisn býður fram í öllum kjördæmum

**STJÓRN MÁL** Stjórn Viðreisnar auglýsir eftir frambjóðendum á framboðslista flokksins fyrir kosningarnar sem halda á 29. október næstkomandi. Stilla á upp lista í öllum kjördæmum landsins.

Tekið er fram að leitað sé að kraftmiklum, jákvæðum, traustum og heiðarlegum einstaklingum. „Áhersla er lögð á að á framboðslistum Viðreisnar verði fólk með fjölbreytta reynslu og þekkingu,” segir í tilkynningu og tekið fram að konum og körlum verði skipað jafnt til stætis á framboðslistum flokksins.

„Allt síðastliðnu fólk sem er samála meginmarkmiðum flokksins og vill taka þátt í að gera samfélagið enn betra er velkommið í hópinn. Stefna og áhersla Viðreisnar hafa mótast í umræðu og vinnu í fjölmennum málefnaþópum undanfarin tvö ár,” segir þar jafnframt. – ÓKÁ

## Handtekinn við klifur á girðingu

**BRETLAND** Karlmaður á þrítugsaldri var í vikunni handtekinn fyrir að reyna að klifra yfir öryggisgirðingu við Buckingham-höll í London. Karlmaðurinn, sem var drukkinn, komst þó ekki inn fyrir girðinguna og ekki er talið að hætta hafi stafað af honum. Scotland Yard tók sérstaklega fram að maðurinn tengdist ekki hryðjuverkasamtökum.

Í maí síðastliðnum klifraði Dennis Hennessy, dæmdur morðingi, yfir girðingu við höllina og gekk um hallargarðinn í um tíu mínútur og spurði öryggisvörð hvort drottningin væri heima. Var hann handtekinn fyrir athæfið og dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi. – ÞEA

# Stenst ekki jafnræðisreglu

Í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Félag atvinnurekenda er fyrirkomulag stjórnvalda við úthlutun tollkvóta fyrir búvörur harðlega gagnrýnd. Aðferðin gangi gegn hagsmunum neytenda og brjóti á innflytjendum.

**STJÓRNSÝSLA** Uppboðsfyrirkomulag á úthlutun tollkvóta fyrir búvörur gengur gegn hagsmunum neytenda, brýtur gegn jafnræði innflytjenda og eykur mjög á óvissu og ógegnsæi á markaði. Þetta er meðal niðurstaðna í nýrri skýrslu sem Þóroldur Matthíasson hagfræðiprófessor og Örn Ágústsson hagfræðingur hafa unnið að beiðni Félags atvinnurekenda (FA).

„Aðrar aðferðir til að úthluta tollkvótanum væru meira í anda Marrakesh-samkomulagsins sem Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO starfar samkvæmt,” segir í umfjöllun um skýrsluna á vef FA, en efni hennar var kynnt alþingismönnum á fundi utanríkisráðgjafar Alþingis í gær.

Í skýrslunni kemur fram að langalgengast sé að aðildarlönd WTO úthluti leyfum til innflutnings landbúnaðarvarnings innan tollkvóta endurgjaldslaus. Íslensk stjórnvöld og norsk skeri sig hins vegar frá meginreglunni með því að notast við uppboðsaðferð til að úthluta tollkvóta á landbúnaðarvörum.

„Framkvæmd uppboðanna stenst líklega ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar því að ólíkir innflytjendur sömu vöru standa frammi fyrir ólíku kvótaverði. Sú aðferðafræði sem stuðst er við við úthlutun tollkvóta eykur mjög á óvissu og ógegnsæi á markaðnum og getur dregið úr líkum á að mögulegir innflutningsaðilar leggi fram tilboð,” segir í skýrslunni.

Fram kemur á vef FA að á fundi utanríkisráðgjafar hafi verið fjallað um tollasamning Íslands og Evrópusambandsins sem undirritaður var í fyrrahaust, en hann biði staðfestingar þingsins.

„Í umsögn Félags atvinnurekenda



Í kjúklingasláturhúsi í Emsland í Þýskalandi. Í nýrri skýrslu kemur fram að Ísland og Noregur skera sig úr öðrum Evrópuþjóðum með að nota uppboð til að úthluta tollkvótum, sem annars staðar eru endurgjaldslausir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

**[Við] hvetjum þingið til að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum búvörlaga um úthlutun tollkvóta.**

Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri  
Félags atvinnurekenda



um samninginn er bent á að uppboð á tollkvótum fyrir búvörur geri að verkum að útboðsgjaldið, sem innflutningsfyrirtæki þurfa að greiða fyrir kvótana, éti upp ávinning neytenda af tollfrelsinu að verulegu eða jafnvel öllu leyti. Jafnframt þýði það að samkeppni við innlenda landbúnað sé minni en að var stefnt,” segir þar og bent á að hæpið sé að útboðsfyrirkomulagið standist ákvæði í samningi Íslands og ESB, þar sem segi að samningsaðilar skuli „tryggja að ávinningnum, sem þeir veita hvor öðrum, verði ekki stefnt í hættu með öðrum takmarkandi innflutningsráðstöfunum“.

Haft er eftir Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra FA, að það séu gagnkvæmir hagsmunir innflytjenda búvöru, neytenda og ríkisins að fundið verði fyrirkomulag sem tryggi sanngjarna og hagkvæma úthlutun tollkvótanna. Samtökin hafi beðið um skýrsluna sem innlegg í umræður um hvernig finna mætti slíka lausn. „Við höfum einnig sent atvinnuveganefnd Alþingis skýrsluna og hvetjum þingið til að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum búvörlaga um úthlutun tollkvóta,” segir Ólafur. [olikr@frettabladid.is](mailto:olikr@frettabladid.is)

### Átak til atvinnusköpunar

## Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

### Markmið verkefnisins:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

### Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á [www.nmi.is](http://www.nmi.is)  
Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: [hildur@nmi.is](mailto:hildur@nmi.is)

**Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 8. september**



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



ÁTAK TIL  
ATVINNUSKÖPUNAR



Sem stendur eru 39 þúsund kvikmyndasalir í Bandaríkjunum en 31.627 í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Aðsókn í kvikmyndahús í Kína dregst saman

**VIÐSKIPTI** Aðsókn í kvikmyndahús í Kína minnkaði um fimmtán prósent í júlí, í kjölfar þess að hafa dregist saman um tíu prósent á öðrum ársfjórðungi.

Á síðasta ári var gríðarlegur vöxtur hjá kvikmyndahúsum í Kína, en aðsókn jókst um fimmtíu prósent á árinu 2015. BBC greinir frá því að nú sé viðsnúningur og miðaverð hafi að meðaltali ekki verið lægra í fimm ár.

Kvikmyndaáðsókn er talin mælikvarði á efnahagslífið í Kína og bendir þetta til þess að Kínverjar séu að skera niður útgjöld vegna efnahagslegs óstöðugleika.

Kína er annað stærsta hagkerfi

heimsins og hefur hagvöxtur dregist saman þar undanfarin misseri. Sérfræðingar telja að hagvaxtartölur frá kínverska ríkinu séu uppspuni, þess vegna skoda þeir aðrar tölur eins og orkunotkun og kvikmyndaáðsókn.



Kína er gríðarlega mikilvægur kvikmyndamarkaður, aðsókn þar er sú önnur mesta í heiminum og buist er við því að þar verði fleiri kvikmyndasalir og hærrí tekjur af kvikmyndum en í Bandaríkjunum á næsta ári. Sem stendur eru 39 þúsund kvikmyndasalir í Bandaríkjunum en 31.627 í Kína. Niður sveiflan á þessu ári gæti þó hægt á þeirri þróun. – sg



# Klár í skólann

með #Smáralind

Fáðu kápuna, bækurnar og allt sem þarf í skólann á einum stað. Úrval og afsláttur fyrir námshesta á öllum aldri. Gerðu allt klárt fyrir nýtt og skemmtilegt skólaár. Mundu eftir að taka afsláttarmiðann með.



LIKE



## Vinnur þú 150.000 kr. gjafakort?

Taktu þátt í Instagram-leik Smáralindar og þú gætir unnið frábæra vinninga. Það er einfalt að taka þátt:

- (A) Veldu skólamynd
- (B) Settu á Instagram-síðuna þína
- (C) Merktu myndina: **Klár í skólann með #Smáralind**

Við birtum myndina þína á heimasíðu Smáralindar og deilum reglulega út glæsilegum vinningum á meðan leikurinn er í gangi, 11.-25. ágúst.



Mundu að til að taka þátt þarftu að hafa Instagram ólæst (public). Sjáðu frábæra vinninga og allt um leikinn á [www.smaralind.is/leikur](http://www.smaralind.is/leikur)



SMÁRALIND

## Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.



**XPRENT**  
- hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is



Maður gengur fram hjá markaði í Phang-nga héraði þar sem sprengja sprakk. NORDICPHOTOS/AFP

# Ellefu árásir í fimm héraðum Taílands

Fjórir fórust í ellefu sprengjuárásum á vinsæla ferðamannastaði í Taílandi. Minnst fjórir hafa látið lífið. Alþjóðlegir hryðjuverkahópar liggja ekki undir grun. Líklegt að taílenskir uppreisnarmenn standi að baki árásum.

**TAÍLAND** Ellefu sprengjuárásir voru gerðar í fimm héraðum Taílands í gær og fyrradag. Að minnsta kosti fjórir hafa látið lífið og þá eru 34 alvarlega slasaðir. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á árásumum ellefu og ekki er víst að þær tengist.

Árásirnar voru gerðar á vinsæla ferðamannabæi. Fjórir voru gerðar á bæinn Hua Hin og tvær á eyna Phuket. Einnig voru tvær árásir gerðar á Phang-nga, sem og Surat Thani, en ein á Trang.

Hua Hin er um 200 kílómetra suður af höfuðborginni Bangkok og Phuket enn sunnar. Staðirnir tveir, líkt og Phang-nga, eru þekktir fyrir fallegar strendur.

Lögreglufrivöld hafa handtekið nokkra menn sem liggja undir grun en þau útiloka að alþjóðlegir hryðjuverkahópar standi að baki árásumum. Frá þessu greinir fréttastofa BBC. Talsmaður ríkislögreglu Taílands segir sumar sprengjanna hafa verið eldsprengjur.

Fréttamaður BBC í Taílandi, Jonathan Head, segir að uppreisnarmenn gætu staðið að baki árásumum. Ef svo væri myndi það þýða

## Ellefu árásir á fimm héraðum Taílands

	Hua Hin	Phang-nga	Surat thani	Phuket	Trang
SPRENGINGAR	4	2	2	2	1
LÁTNIÐ	2	0	1	0	1
SÆRÐIR	24	0	3	1	6

nýja aðferðafræði þeirra við árásir. Uppreisnarmenn hafa síðastliðin tólf ár kljást við yfirvöld í suðurhluta Taílands og drepið um sex þúsund manns. Þó hafi árásir þeirra aldrei beinst gegn ferðamönnum líkt og nú.

„Þessar árásir eru frábrugðnar þeim hryðjuverkarásum sem áður hafa verið gerðar í Taílandi,“ sagði Piyapan Pingmuang, talsmaður lögreglu, á blaðamannafundi í gær. Hann sagði ástæðuna vera þá að árásirnar beindust ekki gegn opinberum stofnunum.

Þýst hann við því að Hua Hin hafi orðið fyrir árásum þar sem borgin er uppáhaldsborg konungs Taílands, Bhumibol Adulyadej. Þar sé sumar-bústaður hans, Klai Kangwon-höll.

Þá var gærdagurinn einnig afmælisdagur drottningarinnar, Sirikit Kitiyakara.

Einnig voru árásirnar gerðar aðeins nokkrum dögum fyrir ársafmæli árásarinnar á Erawan-höfð. Þar fórust tuttugu manns.

Taílendingar kusu um nýja stjórnarskrá fyrir viku. Ný stjórnarskrá var samþykkt með 61 prósentu greiddra atkvæða. Þó segir Paul Quaglia, sem starfað hefur í tuttugu ár fyrir leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) og sérhæft sig í málefnum Taílands, í samtali við fréttastofu CNN að árásirnar tengist nýju stjórnarskránni líklegast ekki. Það sé vegna þess að erfitt sé að samhæfa slíkar árásir á svo stuttum tíma. thorgnyr@frettabladid.is

## Styrkir til atvinnuleikhópa

Umsóknarfrestur til 30. september

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2017. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 þann 30. september 2016. Umsóknum skal skilað rafrænt á [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til Listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar Leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

### Nánari upplýsingar:

atvinnuleikhopar@rannis.is, [www.rannis.is](http://www.rannis.is)  
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.  
Tengiliður: Ragnhildur Zoëga,  
sími: 515 5838.



## Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirk fram einmitt það sem þú vilt heyra en sjar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna

og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni. Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávæða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið, prófið og sannfærst!

[www.bestsound-technology.is](http://www.bestsound-technology.is)

Siemens heyrnartækin

Söluáðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, [www.hti.is](http://www.hti.is)

## Spá hækkandi hlutabréfaverði

**VIÐSKIPTI** Þrjár stærstu hlutabréfa-vísitölur Bandaríkjanna, S&P 500, Dow Jones og Nasdaq, eru í sögulegu hámarki um þessar mundir. Vísitölurnar hækkðu allar á fimmtudag og náðu sögulegri hæð við lokun hlutabréfamarkaða þann dag. Slíkt hefur ekki gerst á einum degi síðan árið 1999.

Um eftirmiddaginn í gær höfðu vísitölurnar lækkað eilítið, sérfræðingar spá hins vegar að hækkunar munu halda áfram. Þrennt spilar þar inn í; aukin framleiðsla, styrkleiki í iðnaði og viðhorf fjárfesta. Talið er að fjárfestar verði því bjartsýnir og muni ýta undir hækkun hlutabréfa.

Að mati sérfræðinga er ekki mikil ástæða til að áætla lækkunar í náinni framtíð. Í apríl snarhækkðu S&P 500, Dow Jones og Nasdaq vísitölurnar í kjölfar hækkunar hrá-



Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum hafa verið á mikilli uppleið að undanförmu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Talið er að fjárfestar verði því bjartsýnir.

olíu, en vísitölurnar náðu ekki fyrir hæð og tóku dýfu í lok júní í kjölfar þess að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Nú virðist þó vera minni hætta á lækkunum. – sg



**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir!

**iPhone 6s 16 GB**

**109.990 kr.** stgr.

64 GB **134.990 kr.**



**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir!

**Samsung Galaxy S7 32 GB**

**99.990 kr.** stgr.

Nýir litir: bleikur og silfur



**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

**Samsung Galaxy A5  
2016 16 GB**

**49.990 kr.** stgr.

# VIÐ GÍGABAÆTUM UM BETUR!



**2 GB**  
netnotkun eða  
**2.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir!

**iPhone SE 16 GB**

**74.990 kr.** stgr.

64 GB **89.990 kr.**



**2 GB**  
netnotkun eða  
**2.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir!

**Samsung Galaxy J5  
2016 16 GB**

**39.990 kr.** stgr.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

## Staða barna á leikskólum eftir sveitarfélögum



	Hafnarfjörður	Akranes	Reykjavík	Akureyri	Mosfellsbær	Árborg	Garðabær	Kópavogur	Fjarðabyggð
Fjöldi barna fædd 2015 á leikskólum*	40	0	18	38	0	54	65	192	66
Fjöldi barna fædd 2015	371	92	1517	225	112	104	168	455	69
Hlutfall barna fædd 2015 í leikskóla	10,80%	0%	1,20%	17%	0%	52%	39%	42%	96%
Kostnaður foreldra vegna dagforeldri	60.000 kr.	engin yfirsýn	engin yfirsýn	54.116 kr.	52.608 kr.	52.500 kr.	37.570 kr.	engin yfirsýn	34.805 kr.
Kostnaður foreldra vegna leikskóla**	32.935 kr.	34.344 kr.	25.280 kr.	35.226 kr.	33.746 kr.	34.441 kr.	37.570 kr.	30.000 kr.	34.805 kr.
Niðurgreiddsla til dagforeldra	50.000 kr.	40.000 kr.	47.608 kr.	61.684 kr.	52.608 kr.	30.000 kr.	63.668 kr.	57.289 kr.	69.845 kr.

\*Eins og staðan er í dag \*\*Miðað er við átta tíma með morgunmat, síðdegishressingu og hádegismat án afsláttar



# Bil milli orlofs og leikskóla enn óbrúað

Tugum þúsunda getur munað á leikskólagjöldum eða kostnaði við dagforeldragjöld eftir því í hvaða sveitarfélagi foreldrar búa. Misjafnt er hvort börn fædd árið 2015 hafa fengið leikskólapláss. Formaður Velferðarnefndar segir að ríkið þurfi að lengja fæðingarorlof.

**SKÓLAMÁL** Fjöldi barna fæddra árið 2015 sem komin eru með leikskólapláss er mjög mismunandi í níu af tíu stærstu sveitarfélögum landsins. Í Fjarðabyggð er hæsta hlutfall barna á leikskóla, eða 96 prósent. Lægsta hlutfallið er hins vegar í Mosfellsbæ og á Akranesi þar sem engin börn fædd árið 2015 eru komin á leikskóla.

Munur á kostnaði foreldra vegna vistunar á leikskóla eða hjá dagforeldri nemur allt að 27 þúsund krónum á mánuði hjá þeim sveitarfélögum sem gáfu upplýsingar um það, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er munurinn allt að 50 þúsund krónum í Reykjavík. Formaður Velferðarnefndar segir núverandi ríkisstjórn ekki virðast hafa stefnu í að brúa bilið milli fæðingarorlofs og inntöku barna í leikskóla. Mikilvægt sé að lengja fæðingarorlofið og taka börn fyrir inn á leikskóla.

**Ríkið þarf að lengja fæðingarorlofið og sveitarfélögin þurfa að taka börnin fyrir inn.**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar



Ef höfuðborgarsvæðið er einungis skoðað má sjá að hæsta hlutfall barna fæddra í fyrra á leikskólum er í Kópavogi, eða 42 prósent, fast á hæla Kópavogs kemur Garðabær með 39 prósent barna á leikskóla. Í Reykjavík eru einungis átján börn fædd árið 2015 á leikskólum, eða 1,2 prósent barna fæddra árið 2015.

Kostnaður foreldra við átta tíma vistun á leikskóla í sveitarfélögum nýu nemur frá 25.280 til 37.570 króna og er mestur í Garðabæ en minnstur í Reykjavík. Kostnaður foreldra við átta tíma vistun hjá dagforeldri er á bilinu 34.805 til 60 þúsund krónur í þeim sveitarfélögum þar sem fengust svör. Athygli vekur að í sumum sveitarfélögum hefur sveitarfélagið enga yfirsýn yfir kostnað foreldra hjá dagforeldrum. Gjaldskrá dagforeldra er frjálts en sveitarfélagið niðurgreiðir kostnað við hvert barn um vissa krónutölu, óháð því hvað dagforeldrið rukkar foreldra um.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sumir foreldrar í höfuðborginni greiði allt að 80 þúsund krónum til dagforeldris. Samanborið við 25.280 krónur á leikskóla nemur munurinn um 55 þúsund krónum.

Að sögn upplýsingafulltrúa

Reykjavíkurborgar verða 142 börn í viðbót tekin inn þegar leikskólar opna á ný eftir sumarleyfi. Þá verða þau samtals 160, sem eru þó einungis 10,5 prósent barna. Einnig verða 65 börn fædd árið 2015 tekin inn í leikskóla Hafnarfjarðar á haustmánuðum, og öll börn sem fædd eru í janúar til ágúst 2015 verða tekin inn í leikskóla Garðabæjar þann 1. september. Í Mosfellsbæ og á Akranesi þar sem engin börn hafa verið tekin inn er stefnan sú að börn séu tekin inn í leikskóla frá tveggja ára aldri. Stefnt er að því að breyta innritunarreglum í Mosfellsbæ og vonast er til að hægt verði að taka á móti sextán til átján mánaða börnum á næsta ári.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar, segir það samstarfsverkefni ríkisstjórnar og sveitarfélaga að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla-

inntöku. „Núverandi ríkisstjórn virðist ekki hafa stefnu í þessu því hún hefur stýtt fæðingarorlofið og ekki treyst sér til að lengja það aftur þrátt fyrir bætta stöðu ríkissjóðs. Ríkið þarf að lengja fæðingarorlofið og sveitarfélögin þurfa að taka börnin fyrir inn. Þá kemur spurningin hvort við viljum hafa tólf mánaða fæðingarorlof eða átján mánaða fæðingarorlof.“

Sigríður Ingibjörg óttast áhrif núverandi stöðu á fæðingatiðni. „Fæðingatiðni hefur lækkað undanfarið, ekki síst vegna þess að það er orðið dýrara að eignast börn. Fæðingarorlofið hefur staðið í stað í þrjú ár. Það er mikilvægt fyrir okkar samfélag að fólk vilji eignast börn og það sé öryggi fyrir fjölskyldur varðandi dagvistun fyrir minnstu börnin.“

saeunn@frettabladid.is  
sveinn@frettabladid.is

## Heimsóknnum erlendra rannsóknarskipa fjölga hingað til lands

**VÍÐSKIPTI** Komum erlendra rannsóknarskipa hingað til lands hefur fjölgað mjög, að sögn Jóhanns Bogasonar, framkvæmdastjóra Gáru, dótturfélags TVG-Zimsen. Fyrirtækið þjónustar skipin á meðan á dvöl þeirra hér við land stendur.


„Undanfarin ár hafa verið að koma í kringum 30 til 40 rannsóknarskip á ári en þau eru talsvert fleiri nú í ár, eða nálægt sextíu. Í sumar hafa jafnvel verið fimm til sex rannsóknarskip í höfn í Reykjavík á sama tíma, sem er óvenjulega mikið,“ segir Jóhann.

Jóhann segir skipin koma hingað í margvíslegum tilgangi, en þar spili aukinn áhugi á norðurslóðum stórt hlutverk. Meðal annars séu sum við

dýptarmælingar, geri kannanir á eiginleika sjávar, rannsaki landgrunnið og geri bergmálmælingar á hafsbótunum. Önnur séu einungis á ferð um íslenska hafsvæðið og hafi viðkomu hér á landi til að sækja sér vistir og ýmsa þjónustu.

Meðal erlendra rannsóknarskipa sem komið hafa til Íslands í ár eru sögð skipin Neil Armstrong, Ramford Sterling og oliurannsóknarskipið Ocean Victory. Öll erlend rannsóknarskip sem stundi rannsóknir innan íslenskrar efnahagslögsögu þurfi heimild íslenskra stjórnvalda.

Auk þjónustu við rannsóknarskip sinnir Gáru og TVG-Zimsen þjónustu við erlend skemmtiferða-



Rannsóknarskipið Ramford Sterling er engin smámiði. MYND/TVG-ZIMSEN

**Það er óhætt að segja að það sé búið að vera mjög annasamt hjá okkur í sumar og við höfum þurft að sinna metfjölda skipa.**



Jóhann Bogason, framkvæmdastjóri Gáru skip. „Það er óhætt að segja að það sé búið að vera mjög annasamt hjá okkur í sumar og við höfum þurft að sinna metfjölda skipa. En þetta hefst allt með góðum starfsmönnum og skipulagningu,“ segir Jóhann. – óká

# NÚ BYRJAR ~~BALLIÐ~~ SKÓLINN!



3.999.-




2.499.-




4.599.-

4.599.-



729.-



1.899.-



4.999.-



35% afsláttur

Minnislykill - 4 GB  
TILBOÐSVERÐ: 974.-  
Verð áður: 1.499.-

## ÖLL PENNAVESKI!

30% afsláttur



Málfræðilyklar - Þýskur eða Íslenskur



35% afsláttur

Vasareiknir  
Casio FX-350ES  
TILBOÐSVERÐ: 1.917.-  
Verð áður: 2.949.-



Stílabók A5 / A4  
Verð áður: 129.- / 199.-

SKIPTIBÓKA  
**BONUS!**  
**AUKA**  
**+400 kr.**

GILDIR TIL OG MEÐ 15. ÁGÚST

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda frá 13.ágúst, til og með 15. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

# NÝR RENAULT TALISMAN FRUMSÝNING Í DAG



## NÝR RENAULT TALISMAN DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM\*

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fánlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólástýringu.

### VERÐ FRÁ: 4.190.000 KR.

**Staðalbúnaður í Expression útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir öikumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

**Aukalega í Dynamic útfærslu:** 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaustr aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.  
**130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 5.190.000 kr.**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516



**RENAULT**  
Passion for life

# TALISMAN FRÁ 12-16



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



ENNEWM / SJA / NM7 6.6.8 \* Eldsneytisnúmer miðast við uppgæfnarölur frá framleiðanda í bílduðum akstri.

## SKOÐUN

## ESB-klúður



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu sumarið 2009. Að baki umsókninni lá þingsályktunartillaga þáverandi ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri-grænna. Í tillögunni fólst að þegar aðildarsamningur lægi fyrir skyldi þjóðin staðfesta hann í þjóðaratkvæðagreiðslu. Frá upphafi lá fyrir að ekki væri þingmeirihluti fyrir inngöngu í ESB, og líklega heldur ekki meðal þjóðarinnar. Vinstri-grænir fengust einungis til þess að styðja þingsályktunartillöguna vegna hefðbundinna hrossakaupa við gerð stjórnarsáttmála. Sennilega var enginn þingmaður flokksins raunverulegur stuðningsmaður inngöngu í ESB. Aðildarsinna var í raun ekki að finna annars staðar en í Samfylkingunni, með örfáum undantekningum.

Þrátt fyrir þetta beitti Samfylkingin sér fyrir því að aðildarferlið hæfist. Af stað var hrundið atburðarás þar sem tíma, fé og vinnu rándýrra sérfræðinga var eytt í að finna samninga sem aldrei var raunhæft að yrðu að veruleika. Heilt ráðuneyti var skipulagt til að einblína á aðildarferlið í fyrirsjáanlegri framtíð. Samt var ESB-ferðin alltaf án fyrirheits og umsóknin að endingu dregin til baka. Nú situr utanríkisráðuneytið uppi með hóp sérfræðinga í Evrópumálum, sem eru verkefnalaussir.

Góð regla í samningum er að útiloka aldrei neina möguleika ótilneyddur. Samningsstaðan er auðvitað betri ef viðsejandanum hefur ekki tekist að króa þig af úti í horni.

Samfylkingin á öðrum fremur sök á því að Evrópuþingurinn hefur verið skellt á Íslendinga – í bili. Evrópusambandsaðild og upptaka evru hefur verið slegin út af borðinu sem raunhæfur kostur í þjóðfélagsumræðunni. Sá sem mest vildi, klúðraði. Af hverju ætti Evrópusambandið annars að taka upp þráðinn að nýju eftir það sem á undan er gengið? Af hverju ætti þjóðin að veðja á annað svona leikrit?

Umræðan um verðtrygginguna sem nú á sér stað er birtingarmynd þessarar stöðu. Flestir, nema þeir sem neita að sjá og skilja, átta sig á því að verðtrygging og króna eru tvær hlíðar á sama peningnum. Það er erfitt með sannfærandi rökstuðningi að vera hvort tveggja í senn stuðningsmaður krónunnar og andstæðingur verðtryggingarinnar. Áður en ESB-umsóknin sigldi í strand hefði vitrænt innlegg í þessa umræðu verið að stinga upp á að evran yrði tekin upp í stað krónunnar og tvö vandamál þannig leyst í einu.

ESB-flokkurinn, Samfylkingin, á öðrum fremur sök á því að uppástunga á borð við þessa á frekar skylt sín draumóra en veruleika. Flokkurinn klúðraði draumum margra okkar og skaðaði hagsmuni lands og þjóðar.

Því skyldi engan undra að Samfylkingin eigi nú erfitt uppdráttar og reyni að samsama sig Þírötum af því að þeir eiga upp á pallborðið þessa stundina. Fall flokksins, sem fyrir stuttu taldi sig annan turnanna í íslenskum stjórnáttum er hátt. Sennilega væri flokksmönnum hollast að lita í eigin barm eftir sökdólgum.



Góð regla í samningum er að útiloka aldrei neina möguleika ótilneyddur.

## Gunnar



## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs



## Sagan í tölvupóstinum

Um daginn var mér sagt að það væru mikil meðmæli með sumarfríi að muna ekki lykilorðið í tölvunni á fyrsta vinnudegi eftir fríið. Mér fannst alls ekki erfitt að réttlæta þá hugmyndafræði og hringdi án þess að skammast mín í tölvudeildina sem virtist hafa fengið sambærileg símtöl áður. Það var kannski meiri undrun næsta dag þegar ég hringdi aftur í sömu erindagjörðum.

Mér finnst reyndar alveg ágætt þegar haustið fer af stað. Okkur leiðinlega fólkinu finnst huggulegt að vita hvað er fram undan og finnum hamingjuna í rútínu og fyrirsjáanleika. Á haustin er meiri festa og öryggi í sjónvarpsdagskránni og þetta skiptir allt máli. Það sem mælir kannski helst gegn haustinu er að þá taka foreldrar í Reykjavík upp hlutastarf sem leigubilstjórar við að skutla á æfingar og íþróttamót. Haustið er annars nýtt upphaf, með fyrsta skóladegi barnanna og nýjum skólabókum.

## Fjarlægðin á Facebook

Og með haustinu færast líf yfir tölvupóstinn. Ég hugsaði þetta um daginn þegar ég þurfti að leita að uppskrift í tölvupóstinum en fann í leiðinni bréf frá vinkonum, blaðgreinar sem ég átti eftir að lesa og svo loksins brauðuppskriftina sem ég var að leita að. Við könnumst öll við klisjuna um að við séum að fjarlægjast hvert annað vegna þess að stór hluti samskipta okkar fer fram í gegnum tölvupóst eða spjallforrit. Klisjan stenst ekki skoðun, ekki frekar en klisjan af því hvernig æska okkar var saklausari en barna okkar. Fyrir daga tölvupósts og spjallforrita voru foreldrar góðir með sig ef þeir vissu hvað kennari barna þeirra hét. Í dag fá foreldrar daglegan póst úr skólanum. Munurinn var kannski frekar sá að foreldrar vissu ekkert um líf barna sinna.

Við þekkjum líka kvabbið um að fólk dragi upp glansmynd af lífi sínu á Facebook og sýni ekki hversdagsleikann. Það stenst ekki heldur skoðun. Við fáum myndir af því hvað vinir okkar borða í kvöldmat og upplýsingar um hvaða bók þeir lesa áður en þeir fara

svo að sofa. Við vitum hvað þeir gera í sumarfríinu, fylgjumst með afmælum barna þeirra og bölvum dálítið mæðrunum með bollakökurnar. Við deilum oft stórum sem smáum tíðindum með vinum okkar vegna samskiptamiðlanna. Karakterinn birtist ekki lengur í því hvort við tölum á innsögu í símanum, í skrifinni eða í vali á bréfsfni heldu af hvaða tilefni við skrifum.

## Heiðarlegt mont

Og varla var fólk hér áður fyrr raunverulega mikið í því að hringja í vini og senda þeim handskrifuð bréf – eða að fasa sérstaklega – til að láta vita af því ef krakkarnir féllu í dönsku? Eða til að upplýsa um að uppvaskið stæði skitugt í vaskinum? Í dag getum við reyndar átt von á því að lesa um dauða uppþvottavélar á Facebook og í kjölfarið umræður um heppilegan arftaka. Með samskiptamiðlunum fáum við nefnilega heilmikla þjónustu. Núna þurfum við til dæmis ekki að hafa áhyggjur af því að gleyma að óska vinum okkar til hamingju þegar þeir hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu. Líkurnar á því að þeir gleymi að deila afrekinu með vinum sínum eru engar. Montið er heiðarlega á netinu. Þegar við loksins hittum vini okkar erum við tengdari vegna þess að við vitum hver var úti að hjóla kvöldið áður, hver fór í fjallgönguna og hver það var sem lá í sófanum að horfa á sjónvarpið. Það er reyndar alltaf ég.

## Rauðvinslegnir póstar

Þegar ég fór í gegnum tölvupóstinn minn um daginn sá ég, sem ég vissi reyndar vel, að ég á góðar vinkonur sem ég hef skrifað á við um stjórnmál og störf, bækur og börn, útvíkkun og mænudeyfingar. Stundum skrifum við sjaldnar, stundum stutt en bestu bréfin eru sennilega þessi löngu og dálítið mjúku eftir eins og eitt rauðvinsglas. Alveg eins og það er örugglega í samræmi við lýðheilsustefnu að gleyma lykilorðinu að tölvupóstinum í sumarfríinu, er bæði hollt og gott að fara í gegnum gömul bréf í innhólfinu og muna hvað vináttan er dýrmæt.

**merking**  
...framleiðir

**Vörustanda.....**  
Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044



# Nýjar sendingar af húsgögnum!



**Nobel stóll í leðri**  
Verð kr. 223.000,- nú (-20%) kr. 178.400,-

**Amor sófi í leðri**  
Verð frá kr. 496.000,- Tilboðsverð (-20%) frá kr. 396.800,-

**20% kynningarafsláttur af Camerich dagana 13. - 20. ágúst**



## Camerich lazytime tungusófi í áklæði

Stærð: 275 x 175 cm. Litir: brúnt  
Verð kr. 542.000,-. Tilboðsverð (-20%) kr. 433.600,-



Motta (ull) 60x140 cm DAY Home, kr. .49.000,-



## Camerich domo sófaborð

Verð kr. 127.000,-. Tilboðsverð (-20%) kr. 101.600,-



## Camerich Crescent sófar

Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll 80x80 cm  
Tilboðsverð í áklæði (-20%): 3ja sæta verð frá 379.000,-, nú frá 303.200,-.  
Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, nú frá 620.000,-.



## Camerich max sjónvarpsskápar

Verð frá kr. 219.000,-. Tilboðsverð (-20%) frá kr. 175.200,-



Hübsch blómapottar,  
verð frá kr. 5.400,-



Hübsch púði 60x60 cm,  
verð kr. 12.800,-



## Camerich Lehman stóll í leðri

Verð kr. 218.000,-. Tilboðsverð (-20%) kr. 174.400,-.

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.

## Uppgangur ferðaþjónustu kemur öllum til góða



Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF  
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP

Samspil atvinnugreinanna í okkar litla íslenska hagkerfi er öllum ljóst. Þannig hefur það alltaf verið og mun trúlega alltaf verða. Uppgangur einnar atvinnugreinar hefur jákvæð áhrif fyrir allt hagkerfið og öfugt.

Sá gífurlegi vöxtur, sem ferðaþjónustan sem atvinnugrein hefur notið á undanförunum árum, sýnir okkur kannski betur en nokkru sinni fyrr hversu mjög hagsmunir atvinnugreina eru samtvinnaðir. Allt frá 2010 hefur mikilvægi ferðaþjónustu vaxið hröðum skrefum og eru fá ef nokkur dæmi um samþæflegan vöxt á jafn skömmum tíma. Á þessum tíma hefur fjöldi ferðamanna sem leggja leið sína til Íslands fjórfaldast. Á sama tíma hafa tekjur þjóðarbúsins vaxið gífurlega í formi gjaldgæðis, VSK-tekna og annarra beinna og óbeinna skatttekna. Þá hefur atvinnusköpun aukist til muna um allt land og afleiðdar tekjur vaxið samhliða. Ferðamenn eru nú í auknum mæli að kaupa hvers kyns innlenda þjónustu, versla og njóta þeirrar afþreyingar sem í boði er.

Þessi stórkostlegi vöxtur hefur sannarlega haft jákvæð áhrif á starfsemi verslunarinnar í landinu og raunar einnig á starfsemi fjölmargra þjónustufyrirtækja. Á fyrri hluta þessa árs vörðu erlendir ferðamenn 11,6 milljörðum króna



**Sá gífurlegi vöxtur, sem ferðaþjónustan sem atvinnugrein hefur notið á undanförunum árum, sýnir okkur kannski betur en nokkru sinni fyrr hversu mjög hagsmunir atvinnugreina eru samtvinnaðir.**

í verslun á Íslandi, sé horft til kortaveltu. Það er rúmlega 3 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra. Menn þurfa raunar ekki að líta lengi í kring um sig til að sjá þessar breytingar með berum augum, mannlíf og yfirbragð allrar verslunar í miðborg Reykjavíkur og um allt land sýnir þetta svo ekki verður um villst. Fjöldi verslana og vöruúrval hefur aukist til muna hvert sem lítið er og fjölbreytt þjónusta er nú í boði sem áður þekktist ekki. Í þessu samhengi má nefna að talið er að ferðamenn muni neyta um 22 tonna af innlendi matvöru á dag á þessu ári, setja um 54 tonn af eldsneyti á bílaleigubíla sína og kaupa íslenska hönnun sem aldrei fyrr.

Þá eru heildartekjur af hverjum ferðamanni innanlands að aukast á milli ára. Á fyrri hluta síðasta árs nam t.a.m. tekjuaukningin um 31% milli ára á meðan fjölgun ferðamanna á sama tímabili nam 27%. Vísbandingar gefa til kynna áframhaldandi aukningu í þessa átt á yfirstandandi ári. Það er okkar allra að nýta áfram þau tækifæri sem felast í fjölgun ferðamanna. Það hefur jákvæð og mikilvæg áhrif á hagkerfið allt, eykur velsæld og blómgar mannlíf. Vaxtarverkir eru óhjákvæmilegir en með yfirvegun, festu og samtakamætti okkar eru okkur allir vegir færir.

## Eitt samfélag fyrir alla



Logi Einarsson varaformaður Samfylkingarinnar

Íslendingar hafa löngum þótt höfðingjadjarfir. Smíður hikar ekki við að ávarpa og jafnvel takast á við forsetann, hittist þeir í heita pottinum. Börn efnameiri foreldra sækja skóla og frístundastarf með þeim efnaminni. Samfélag okkar hefur þróast síðustu áratugi frá stéttskiptingu, þar sem alþýðan mátti sín litils, til opnara og réttlátara samfélags. Um þann árangur ættum við að standa vörð.

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa ríkisstjórn og stjórnarþingmenn lagt fram frumvörp og tjáð sig með þeim hætti að augljóst er að taka verður til öflugra varna fyrir velferðarkerfið. Jafnt aðgengi allra að menntun er t.d. eitt af grundvallaratriðum réttláts samfélags.

Fjöldatakmörkanir nemenda, 25 ára og eldri, í bóknam framhaldsskóla hafa leitt til þess að sá hópur hefur nær horfið úr opinberu framhaldsskólunum. Ungt fólk sem hefur flosnað upp úr skóla vegna erfiðra aðstæðna, en stýggt taka upp þræðinn og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, kemur að lokuðum dyrum. Þetta bitnar ekki sist á landsbyggðinni. Vanfjármagnaðir framhaldsskólar hafa ekki önnur úrræði en að neita þessu fólki um skólavist.

Nýtt frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna hefur

kannski yfir sér fjarskafrítt yfirbragð en varla meira en það. Samkvæmt því fá námsmenn 65.000,- króna styrk á mánuði, en vextir þess hlutar sem taka þarf að láni til framfærslu hækka úr 1% í 3% og tekjutenging afborgana afnumin. Þeir sem hafa aðstöðu til að búa frítt í heimahúsum geta einhverjir látið sér nægja 65.000,- krónur á mánuði en aðrir þurfa að taka lán, sem greidd verða til baka með þyngri greiðslubyrði en áður. Þetta kemur harðast niður á námsmönnum með börn, sem þurfa viðbótarlán.



**Börn efnameiri foreldra sækja skóla og frístundastarf með þeim efnaminni. Samfélag okkar hefur þróast síðustu áratugi frá stéttskiptingu, þar sem alþýðan mátti sín litils, til opnara og réttlátara samfélags. Um þann árangur ættum við að standa vörð.**

Verði frumvarpið samþykkt þyngist róðurinn hjá stórum hópi að námi loknu. Það er nauðsynlegt að endurskoða námslánakerfið en þar á félagslegt réttlæti að vera leiðarstefið.

Því er gjarnan haldið fram að enginn munur sé á stefnum stjórnmálaflökkanna en í raun er grundvallarmunur á gildum þeirra. Sumir þeirra vilja stéttskipt samfélag en Samfylkingin vill eitt samfélag fyrir alla.

## Hringrök um kvótauppboð



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir alþingismaður

Viðbrögð atvinnuvegaráðherra og formanns atvinnuveganefndar Alþingis við fréttum af uppboði Færeyinga á aflaheimildum eru með þeim hætti þau hafa vakið hörð viðbrögð hagfræðinga og kallað fram (réttilega að minnu mati) ásakanir um hráa hagsmunagæslu fyrir stórútgærdina. Bæðir telja fráleitt að Íslendingar fari sömu leið og frændur okkar Færeyingar við úthlutun aflaheimilda. Gefa þeir í skyn að uppboðstilraunin sé misheppnuð. Umræddar aflaheimildir hafi hafnað hjá sterkum stórútgærdum og erlendum aðilum, svo dæmi sé tekið, hætta sé á því að þetta komi sér „illa fyrir landsbyggðina“.

Nú bregður nýrra við í röksemdafærslunni. Það sem þessir tveir og aðrir talsmenn útgerðarinnar hafa áður talið kvótakerfinu til ágætis og kallað hagræðingu og samlegð er nú dregið fram sem ámælisverð afleiðing uppboðsleiðar. Nú verja þeir veiðigjaldið sem þeir börðust hart á móti meðan verið var að koma því á (og þeir fengu lækkað að miklum mun því ekki mátti „íþyngja“ útgerðarveldinu). Hingað til hafa þeir látið sér í léttu rúmi liggja afleiðingar kvótakerfisins fyrir byggðir landsins, og talað um „eðli-



**Íslendingar þekkja afleiðingar kvótakerfisins og það óréttlæti sem af því hefur hlotist.**

lega þróun“ í því sambandi. Allt er þetta athyglisverður umsnúningur.

Samfylkingin hefur allt frá stofnun haft uppboð aflaheimilda á sinni stefnuskrá. Á síðasta landsfundi var samþykkt tillaga um að taka frá að minnsta kosti 20 þúsund þorskgildistonn af fiskveiðiheimildum og bjóða út á markaði, sem fyrsta skref í að koma á markaði með veiðikvóta í öllum kvótasettum fiskitegundum. Tillagan bindur ekki hendur þingmanna flokksins til að beita sér fyrir enn víðameiri aðgerðum til að þjóð-

in fái réttlátan arð af fiskveiðiauðlind sinni eins og þar segir, en með þessu móti mætti tryggja að útgerðir án kvóta geti þrífist og þannig um leið bætt möguleika til atvinnu í sjávarbyggðum sem misst hafa frá sér kvóta. Fyrirkomulagið myndi auka verulega tekjur þjóðarinnar af fiskveiðiauðlindinni, nýliðun í sjávarútvegi yrði auðveldari vegna tryggs framboðs veiðiheimilda til leigu.

Íslendingar þekkja afleiðingar kvótakerfisins og það óréttlæti sem af því hefur hlotist. Það er löngu tímabært að stíga einhver markverð skref til þess að brjóta upp hlekki þessa kerfis og þróa þess í stað eðlilegar leikreglur sem taka mið af samfélagslegum þáttum, atvinnufrelsi og þróun byggðar í landinu. Uppboð tiltækis hluta aflaheimilda gæti einmitt verið fyrsta skrefið í þá átt.

## Aftur til framtíðar – strax í dag!



Þorvarður Goði Valdimarsson viðskiptafræðingur

Þegar Doctor Emmet Brown, hinn brjálaði uppfinningamaður í gamanmyndunum um ævintýri Marty McFly, Aftur til framtíðar, kom fljúgandi á sportbílum gegnum tímann og setti rusl í efnahverfil til að búa til orku sem flytti hann milli tímaskeiða, brostu kvikmyndahúsagestir og nutu fánaleika augnablikins.

Ímyndunarafliinu eru greinilega engin takmörk sett. Því ýktara sem ævintýrið er, þeim mun skemmtilegra þykir okkur að fylgjast með vitlesunni sem fólk lætur sér detta í hug. En fánaleikinn er víst ekki meiri en svo að nú hafa vísindamenn tekið fyrstu skrefin til að endurnýta úrgang lífvera, þ.e.a.s. hland, og umbreyta því í raforku á endurnýjanlegan og umhverfisvænan hátt.

„Ef hægt er að virkja þá mögulegu orku sem liggur í úrgangi frá mönnum, gætum við gjörbylt því hvernig raforka er framleidd.“ – Dr. Mirella Di Lorenzo, University of Bath.

Nýjar leiðir í orkuvinnslu eru að líta dagsins ljós en rannsóknarteymi í Bretlandi hefur fundið leið til að virkja þvag til slíkrar framleiðslu sem fjallað var um í Electric Power News nýlega. Með sérstökum lífrænum örverurafólum (microbial fuel cells) hefur tekist að þróa mjög ódýra, endurnýjanlega og kolefnishlutlausu aðferð til að framleiða rafmagn. Talið er að þessi aðferð gæti hentað víðs vegar í heiminum þar sem aðgengi að öðrum hefðbundnari leiðum er takmarkað.

### Ódýr orka

Niðurstöður hópsins hafa sýnt fram á að með þessum hætti megi framleiða mjög ódýra raforku en slíkur rafall gæti kostað 180-350 krónur. Um leið væri dregið úr þörfinni fyrir jarðefnaeldsneyti með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Örverurafalar er búnaður sem notar náttúruleg lífræn ferli til að virkja örverur er umbreyta lífrænu efni, eins og t.d. hlandi, í raforku. Þessir rafalar eru skilvirkir og tiltölulega ódýrir í rekstri og skila engu rusli eða afgangsafurðum í samanburði við aðrar aðferðir til orkuframleiðslu.

Þegar hland fer í gegnum örverurafalinn á sér stað lífræn virkni sem úr má skapa raforku. Bakterian geymir orkuna eða miðlar henni áfram þar sem hún nýttist fyrir ýmis tæki og búnað.

Rannsóknarteymið frá efnaverkfræðideild, efnaverkfræðideild og miðstöð viðvarandi efnatækniþróunar hefur unnið með Queen Mary háskólanum í London og Miðstöð lífrænar orkuframleiðslu í Bristol að þróun þessarar nýju tegundar af örverurafólum, sem eru minni, kraftmeiri og ódýrari en nokkur önnur sambærileg tækni.

Þessi ný örverurafall, sem rannsóknarteymin hafa þróað, er um einn ferþumlungur að stærð. Hann notar kolefnishverfla sem vinna úr próteini sem finnst í eggjávítu til að virkja endurnýjanlegt efnahvarf. Þetta er mun ódýrari leið en með hvítagulli (platinu) sem oft er notað í sambærilegum framleiðsluferlum.

Í dag getur ein örveru-rafhlaða framleitt um 2W á rúmmetra, sem er nóg orka fyrir farsíma. Þó að þessi aðferð standist ekki samanburð við aðra orkugjafa á borð við vetni eða sólarorkuflogur hvað skilvirkni varðar, fylgja henni töluverðir kostir. Aðferðin er ódýr og notast er við hráefni sem við verðum aldrei uppiskroppa með. Enginn úrgangur



**Með sérstökum lífrænum örverurafólum (microbial fuel cells) hefur tekist að þróa mjög ódýra, endurnýjanlega og kolefnishlutlausu aðferð til að framleiða rafmagn.**

fellur til og engar skadlegar lofttegundir verða til við framleiðsluna.

Þessar aðferðir eru í stöðugri þróun og rannsóknarhópurinn er sannfærður um að með áframhaldandi bestun muni takast að auka afköst nýju tækninnar töluvert meira.

Ljóst er að lífræn örverurafhlöðutækni getur verið stórkostleg leið til að framleiða orku í þróunarríkjum, sérstaklega þar sem fólk býr dreift á stórum landsvæðum sem eru erfið yfirferðar. Slík tækni getur mögulega umbýlt lífi þeirra sem búa við fátækt, og hafa ekki aðgang að eða efni á raforku. Aðstandendur verkefnisins vona að niðurstöður rannsóknarvinnunnar muni veita þeim sem þurfa meiri lífsgæði.

Deildarstjóri efnaverkfræðideildarinnar og meðstjórnandi verkefnisins, Dr. Tim Mays, segir: „Endurnýjanleg orka úr hlandi er snilldarhugmynd og notkun hennar í þróunarríkjum mun hafa gríðarlega jákvæð áhrif á líf fólks sem býr á orkusnaudum svæðum.“

Vísindaskáldsögur og Hollywood-ævintýri? Já, við lifum á spennandi tímum og mannum eru fá takmörk sett í því hversu langt er hægt að ná til þess að villtustu draumar og ótrúlegustu ævintýri líti dagsins ljós. Hvort þessi nýja tækni nýttist hér á landi í framtíðinni, til dæmis varðandi stóraukna ferðamennsku, er svo aftur annað mál.

# Fjór hjóladrifinn dísiljeppi með SYNC II samskiptakerfi, 8" snertiskjá og íslensku leiðsögukerfi



## NÝR FORD KUGA AWD

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjór hjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lágsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

### FORD KUGA AWD

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL

FRÁ **5.690.000** KR.



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einn staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ♦ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hð. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 135/140 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Þöggun staðreynda



Gunnlaugur Stefánsson  
Heydölum

Nú hefur það gerst, að regnbogasilungur er farinn að veiðast í Stöðvará í Stöðvarfirði. Það er sleppifiskur úr fiskeldinu í Berufirði og er dæmigert fyrir ógnina sem af eldisiðjunni stafar. Forystumenn eldisdrauma eru þekktir að því að gera lítið úr þeirri vá, eins og greinilega kom fram í viðtölum við þá í Bændablaðinu fyrir stuttu, neita blákalt fyrirleggjandi staðreyndum og reyna af mætti að telja fólki trú um að allt sé í finu lagi. Enda er þöggun samofin eldisiðjunni og opinbert eftirlit í skötulíki. Reynslan er t.d. sú, að sjaldnast tilkynna eldisiðjurnar að fyrra bragði um sleppingar fiska úr sínum kvíum, langtum fremur neita svo lengi sem stætt er og gera svo minna úr en við blasir.

Það var Veiðifélag Breiðdæla sem upplýsti í ályktun sinni fyrr í sumar um umtalsverðar sleppingar af regnbogasilungi úr kvíum í Berufirði sem höfðu verið viðvarandi um langa tíð og var öllum kunnugt sem vita vildu. Þá var loks gripið til viðbragða.

Uppákomana á Patreksfirði haustið 2013 er dæmigert, þegar bera fór á laxi í sjó. Laxeldisíðjan tilkynnti þá um 200 laxa slyssleppingu, en neyddist svo til að hækka þá tölu í 500, þegar 400 laxar höfðu veiðst

á stöng innst inni í Patreksfirði. Öllum rannsóknum vísindamanna og opinberum stofnunum í Noregi ber saman um, að í laxeldisíðjunni eru slyssleppingar óhjákvæmilegar og meðaltalið sé að a.m.k. einn lax sleppi fyrir hvert tonn í framleiðslu. Veiðimálastofnun hefur staðfest það. Í Noregi var tilkynnt um 244 þúsund stroklaxa árið 2015, en norska hafrannsóknastofnunin telur að fjöldinn sé fjórum til fimm sinnum meiri eða yfir milljón stroklaxar. Og laxarnir ganga upp í laxveiðiárnar og blandast villtum stofni. Það hefur reynslan ápreifanlega sannað í Noregi og líka á Íslandi í lönduðum eldislögum úr ánum.

Verið er að undirbúa risalaxeldi í austfirskum fjörðum upp á 75 þúsund tonn. Ef öll sú framleiðsla verður að veruleika, þá munu a.m.k. 75 þúsund laxar sleppa úr austfirskum kvíum á ári, sem er umtalsvert meira en öll heildarlaxveiði á stöng á Íslandi. Engin ný tækni eða aðferðafræði getur breytt því, að lax sleppi úr kvíum. Þá eru slyssleppingar langtum líklegri úr kvíum í íslenskum fjörðum fyrir opnu úthafi eins og t.d. í Berufirði og Stöðvarfirði, þar sem veður eru válynd og geta valdið hamförum í sjó og rústað kvíunum á augabragði. Laxeldisíðjan ber þá enga ábyrgð á því stórtjóni sem af hlýst gagnvart lífríkinu og eignaspjöllum fólks, og ekki skylt að kaupa neinar tryggingar gegn slíkri vá, enda mat tryggingarfélaga á áhættunni svo hátt að slíkar tryggingar eru fokdýrar.

Það er hjákátlegt að reyna viðbrögð eldismanna, þegar þeir neita staðreyndum, t.d. um úrganginn og



**Og leyfin verða dýrmæt og ekki líður á löngu þar til nýtt kvótabrask haslar sér völl, og leyfin ganga kaupum og sölum á markaði fyrir skjótfenginn gróða.**

mengunina sem af laxeldinu stafar. Mengunarvarnaeftirlit Noregs (Statens Forurensningstilsyn 2009) líkir úrgangi frá 9.000 tonna laxeldi við skolpfrárennsli frá 150 þúsund manna borg. Auk þess er umtalsverðu magni lyfja beitt í eldinu gegn alls kyns sjúkdómum sem grassera í mergðinni í kvíunum. Eldið er eini matvælaframleiðandinn sem heimilt er að demba öllum úrgangi af framleiðslu sinni óhreinsuðum beint í sjóinn. Er slík grútarmengun

í austfirskum fjörðum ásættanleg og líkleg til að styrkja ímynd fjórðungsins um náttúruvegur og hreinan sjó? Slík hegðan gæti skaðað mikla hagsmuni eins og t.d. ferðaþjónustuna og sjávarútveginn sem statar af heilbrigðum gæðafiski á mörkuðum sínum.

Svo halda eldismenn því fram, að ástand villtra laxastofna sé í góðu lagi í Noregi. Manni hrýs hugur við slíkum fullyrðingum í ljósi staðreynda um hrun í villta laxastofnum þar í landi sem allar ábyrgar rannsóknir og stofnanir staðfesta eins og t.d. NINA (Náttúrurannsóknarstofnun Noregs, febrúar 2016). Próffessor Trggve T. Poppe við norska dýralæknaháskólann lýsti þeirri skoðun sinni á Alta-ráðstefnunni í febrúar árið 2016, að innan 5 ára yrðu allar laxveiðar í norskum ám úr sögunni, ef ekki verða gerðar róttækar ráðstafanir nú þegar.

Risalaxeldi í opnum kvíum í

íslenskum sjó með norskum og kynbættum laxi er meira en áhættusækin útrás, fremur glapræði. Það liggur fyrir að lífríkið mun skaðast verulega og villtur laxastofn verða fyrir tjóni og líklega deyja út um síðir. Víða um heim er þess krafist að stjórnvöld bregðist við slíkri umhverfisvá með því að setja um eldið strangar kröfur og stórefla eftirlit. T.d. að eldið fari fram í lokuðum tjörnum á landi og allur úrgangur skilinn frá fargað eða leitast við að nýta til farsældar. Einnig að banna að nota kynbættan fisk af erlendum uppruna í eldinu og einvörðungu leyfa með geldfiski sem útilokar erfðamengun við villta stofna. Um það var gert samkomulag á milli eldis- og stangaveiðimanna fyrir milligöngu Veiðimálastofnunar á sínum tíma, en við það hefur ekki verið staðið.

Á Íslandi er flest leyfilegt í laxeldinu og útlenskir fjárfestar vilja ólmir nýta sér slíkar aðstæður, enda verulega að þeim þrengt í löndum þar sem ríkir sémileg umhverfisvitund. Meira að segja opinberu leyfin eru ókeypis á Íslandi, sömuleiðis aðgangur að sjó og landi, en kosta umtalsverðar fjárhæðir t.d. í Noregi. Og leyfin verða dýrmæt og ekki líður á löngu þar til nýtt kvótabrask haslar sér völl, og leyfin ganga kaupum og sölum á markaði fyrir skjótfenginn gróða. Viljum við að Austurland, Vestfirðir og Eyjafjörður verði gróðrarstía fyrir slíkt brask með óhjákvæmilegum umhverfisskaða og eignaspjöllum fyrir marga um allt land? Það er spurning sem blasir við núna, en of seint að svara innan tíðar, því þá verður ekki aftur snúið.



## Stórsýning Porsche

Mögnuðustu sportbílar landsins til sýnis, laugardag

Í dag fögnum við sport ástríðunni hjá Porsche með stórsýningu. Margt verður um glæsilega gripi. Við frumsýnum draumabílinn 718 Boxster ásamt ofursportbílnum Cayman GT4. Auk þess munum við flagga nokkrum mögnuðum útfærslum af Porsche sem fluttir voru til landsins sérstaklega af þessu tilefni, m.a. Porsche Cayenne Turbo S, sem er aðeins 4,1 sek. í hundraðið.

Komdu á stórsýningu Porsche í dag, laugardag og upplifðu goðsagnir sportbílanna. Opið frá kl. 12:00 til 16:00 í dag.

## Búvörusamningum verði vísað frá



**B**jört framtíð telur mjög mikilvægt að sátt ríki um búvörusamninga og að þeir séu unnir í samráði við alla hagsmunahópa, ekki síst neytendur. Við viljum hafa öflugan landbúnað á Íslandi en gerum jafnframt þá kröfu að það fjármagn sem sett er í landbúnaðarkerfið nýtist sem best. Nýir búvörusamningar eru allt of umdeildir og við leggjum einfaldlega til að málinu verði vísað frá enda fyrir því mörg rök. Hér má sjá nokkur þeirra:

Algjör einstefna ríkti um gerð samninganna þar sem fulltrúar neytenda, launþega og annarra hagsmunaaðila áttu enga aðkomu að þeim. Slik aðkoma er forsenda fyrir því að sátt ríki um svo stórt mál sem varðar ekki einungis hagsmunum bænda.

Áframhaldandi verðsamráð mjólkurafurðastöðva, heimildir til samráðs, samvinnu og verkaskiptingar milli stærstu aðila á markaði er einnig í andstöðu við samkeppnislög og kemur í veg fyrir heilbriggt samkeppnisumhverfi. Um það hefur Samkeppniseftirlitið nýverið gefið álit í málefnum Mjólkursamsöslunnar.

Hlutverk og ábyrgð verðlagningarnefndar er ekki nógu skýrt. Fyrirkomulagið er ekki til þess fallið að skapa hvata fyrir framleiðendur til að auka samkeppnis-



**Björt framtíð telur að fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á búvörulögum og búvörusamningar séu svo langt frá því að geta talist ásættanlegir að það sé óforsvaranleg eyðsla á tíma Alþingis að ræða einstaka breytingatillögur.**

hæfni, framleiðni og lækka vöruverð. Ekki er gert ráð fyrir fulltrúum launþegahreyfinga eða neytenda í þeirri nefnd eins og verið hefur undanfarna áratugi heldur skipi ráðherra þrjá fulltrúa í nefndina.

Einhlíða ákvörðun ráðherraskipadrar nefndar um svo stór málefni er óásættanleg.

Stuðningur ætti að vera í meira mæli tengdur sjálfbærri landnýtingu. Þá þarf að bæta verulega í stuðning við lífræna ræktun og tengja opinbera fjárstyrki búvörusamninga þeim skilyrðum að í hvívetna sé gætt að velferð dýra.

Björt framtíð telur að fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á búvörulögum og búvörusamningar séu svo langt frá því að geta talist ásættanlegir að það sé óforsvaranleg eyðsla á tíma Alþingis að ræða einstaka breytingatillögur. Eðlilegast sé að vísa málinu frá í heild og vinna það upp á nýtt. Í þeirri vinnu kæmu allir hagsmunaaðilar að borðinu og tryggt yrði að nýir samningar þjóni jafnt hagsmunum bænda sem neytenda.

## Fór fertugur að heiman



**Ingibjörg Óðinsdóttir** varáþingmaður og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Þ**á eru ekki mörg ár síðan ég heyrði frétt í útvarpinu sem vakti mikla kátínu meðal landsmanna. Hún fjallaði um rúmlega fertugan ítalskan karlmann sem hafði farið í mál við aldraða foreldra sína þegar þeir skipuðu honum að flytja að heiman og töldu tímabært að hann framfleytti sér sjálfur. Þetta fannst öllum fyndið því á þeim tíma fóru börn yfirleitt að heiman u.þ.b. sem þau luku námi eða fóru út á vinnumarkaðinn.


Fréttin myndi eflaust vekja önnur viðbrögð í dag þegar við stöndum frammi fyrir því að börnin okkar komast nánast ekki að heiman fyrr en þau hafa náð fullorðinsaldri. Þeim er gert ókleift að kaupa sér húsnæði og leigumarkaðurinn er bæði dýr og ótryggur kostur. Ungu fólkið er í pattstöðu, vill gjarnan koma undir sig fótunum og sjá um sig sjálft en hefur ekkert eigið fé til að kaupa sér húsnæði og ekki nægar tekjur til að leigja. Með þessu áframhaldi nálgast þau fertugt áður en þau komast að heiman.

Nýtt húsnæðisfrumvarp velferðar ráðherra leysir ekki vandann. Bygging félagslegra íbúða og niðurgreiðsla húsaleigu er ekki rétta aðferðin, enda félagslegt húsnæði úrelt hugtak sem elur af sér fordóma og þröngvar öllum í sama farveg. Í gegnum tíðina hefur ítrekað verið reynt að koma á fyrir-

komulagi sem á að tryggja efnalitlu fólki öryggi í húsnæðismálum, í samvinnu við sveitarfélög og aðila vinnu- markaðarins, og þurft að breyta því aftur til að bregðast við mikilli eftirspurn eftir niðurgreiddu húsnæði og auknum útgjöldum ríkissjóðs. Meiri eftirspurn leiðir svo jafnvel til herra leiguverðs sem helst kemur leigusólum til góða. Auk þess mun niðurgreiðsla húsaleigu skv. frumvarpinu verða hlutfallslega meiri eftir því sem tekjur heimilisins eru hærri, sem er í andstöðu við yfirlýst markmið frumvarpsins að auka stuðning við efnaminnna fólk.

Fjölguð í þess stað valmöguleikum fólks með því að auka framboð á húsnæði af öllum stærðum og gerðum. Margir mundu t.d. kjósa að kaupa eða leigja „óribúð“ uppá örfáa fermetra sem hentar fyrir þar bara til þess að komast að heiman. Það vantar sárlega meiri fjölbreytni í húsaagerð og meira úrval af búsetuformum. Það væri t.d. líka hægt að byggja ódýr fjölbylí fyrir ungt fólk sem miðaði við fjárhag þess og byðist aðeins upp að ákveðnum aldri.

Aðkoma ríkisins gæti verið sú að greiða götuna með breytingu á byggingareglugerð eða lækkingu vörugjalda, en láta markaðinn um að aðlaga sig að þörfinni. Aðkoma bankanna gæti að sama skapi verið að bjóða upp á betri lánskjör og lægri vexti til þess að fólk eigi möguleika á að kaupa sér húsnæði. Þannig yrði flestum gert kleift að eignast þak yfir höfuðið og um leið séð til þess að hér þróist heilbrigður leigumarkaður. Það er í það minnsta með öllu óásættanlegt að uppkomin börn þurfi að vera upp á foreldra sína komin langt fram eftir aldri.



### Við frumsýnum:

- 718 Boxster
- Cayman GT4



### Einstakt tækifæri til að upplifa:

- Cayenne GTS
- Cayenne Turbo S
- Macan GTS
- Porsche 911 C4 S
- Boxster GTS



PORSCHE

Bilabúð  
**Benna**

Porsche á Íslandi | Bilabúð Benna:  
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000  
www.benni.is | www.porsche.is



**TANGO**  
Tveggja sæta sófi.  
Slitsterkt áklæði,  
dökkgrátt, brúnt  
eða orange.

**95.990 kr.**  
~~119.990 kr.~~

**TANGO**

Hægindastóll og skammell. Slitsterkt áklæði, dökkgrátt, brúnt eða orange.

Stóll  
**59.990 kr.**  
~~74.990 kr.~~

Skammell  
**23.990 kr.**  
~~29.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



**40%**  
AFSLÁTTUR

**KENYA**

Hægindastóll. Grábrúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm

**35.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

**VESTA**

Priggja sæta sófi.  
Bómullaráklæði.  
Grár og brúnn.  
Með lágu baki.  
Stærð: 233 x 93 H 74 cm.

**furninova**

**50%**  
AFSLÁTTUR

**99.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



**40%**  
AFSLÁTTUR

**CASSANDRA**

Priggja sæta sófi frá BROYHILL.  
Slitsterkt dökkgrænt áklæði.  
Stærð 3ja sæta: 226 x 94 x 99 cm.  
Stærð 2ja sæta: 170 x 94 x 99 cm

2ja sæta  
**134.990 kr.**  
~~224.990 kr.~~

3ja sæta  
**143.990 kr.**  
~~239.990 kr.~~



**35%**  
AFSLÁTTUR

**DEVON**

Einfaldur og traustur svefnsófi.  
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

**89.990 kr.** ~~139.990 kr.~~



**33%**  
AFSLÁTTUR

**KIRUNA**

Tveggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 162 x 90 x 78 cm

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

**KAMMA**

Priggja sæta sófi. Dökk-, ljósgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 201 x 84 x 105 cm

**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



### JOY

Hægindastóll og skammell frá Conform, hallanlegt bak og á snúningsfæti. Svart, hvítt eða rautt ekta leður. Stærð: 68 x 79 x 107 cm

CONFORM

223.986 kr. ~~319.980 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



# HELGAR SPRENGJA



**60%**  
AFSLÁTTUR

### BELINA

Borðstofustóll. Svartur með viðarfótum.

7.996 kr. ~~19.990 kr.~~



**50%**  
AFSLÁTTUR

### DIMA

Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.

7.495 kr. ~~14.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

### FREYJA

Borðstofustóll, svart PU leður með viðarfótum.

17.490 kr. ~~24.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

### GAGA

Hægindastóll. Lime-grænt ekta leður.

149.990 kr. ~~219.990 kr.~~

**27%**  
AFSLÁTTUR



### FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

129.990 kr. ~~179.990 kr.~~

### FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm



**20%**  
AFSLÁTTUR

239.990 kr. ~~299.990 kr.~~

## Breiðablik fagnar 11. bikarmeistararitlinum



**Bikarinn á loft** Rakel Hönnudóttir, fyrirlíði Breiðabliks, lyftir bikarinn fyrir framan rúmlega tvö þúsund áhorfendur sem lögðu leið sína á Laugardalsvöll í gærkvöldi. Blíkar höfðu betur gegn ÍBV í úrslitaleik Borgunarbikars kvenna, 3-1, með mörkum Olivia Chance, Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur og Fanndísar Friðriksdóttur en Natasha Anasi skoraði mark ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Nýjast

### Borgunarbikar kvenna, úrslitaleikur

#### Breiðablik - ÍBV 3-1

1-0 Olivia Chance (2.), 2-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (24.), 2-1 Natasha Anasi (49.), 3-1 Fanndís Friðriksdóttir (60.).

Breiðablik er Borgunarbikarmeistari eftir 2-0 sigur á ÍBV. Kópavogslíðið byrjaði betur og var komið í 2-0 fyrir hlé.

**LEBRON LAUNAHÆSTUR Í NBA** LeBron James sem leiddi Cleveland Cavaliers til NBA-meistaratitils fyrr í sumar er búinn að komast að samkomulagi við Cleveland um nýjan samning. Hann er til þriggja ára og gefur James 100 milljónir dollara í laun. Þetta þýðir að James verður launahæsti leikmaður NBA-deildarinnar en í fyrra var hann næst launahæstur á eftir Kobe Bryant sem er nú búinn að leggja skóna á hilluna.

Það sem meira er að þá mun James takast að fá hæstu árslauð sem nokkur leikmaður hefur fengið í sögu deildarinnar. Það met átti Michael Jordan og er það frá leiktíðinni 1998-1999.



**ÉG ER EKKI HROKAFULLUR** Zlatan Ibrahimovic á eftir að verða mikið í sviðsljósinu í enska boltanum í vetur með Man. Utd. Sviðinn er skrautlegur innan sem utan vallar. Sparar ekki stóru orðin eins og þegar hann sagði að það væri ekki þess virði að horfa á HM þar sem hann væri ekki með. Sviðinn segir það þó vera rangt að hann sé hrokagikkur. Hann segist vera fjölskyldumaður með mikið sjálfstraust.

„Ég er venjulegur maður. Fólk hefur þá mynd af mér að ég sé óþekkur strákur. Fólk er forvitnið um mig. Spyr oft: Hvernig er Zlatan?“ sagði Zlatan í viðtali við Sky.

„Ég er fjölskyldumaður og hugsa um mína fjölskyldu en þegar ég mæti á völlinn þá er ég ljón. Þarna er mikill munur. Ég er ekki á því að ég sé hrokafullur. Ég hef mikið sjálfstraust og trú á sjálfan mig. Það er ekki hroki.“

## Laugardagur

- 11.20 Hull - Leicester Sport
- 13.00 ÓL-golf karla Sport 4 & Golfs.
- 13.50 Burnley - Swansea Sport 2
- 15.30 Valur - ÍBV Sport
- 16.00 Portugal - Þýskaland Sport 3
- 16.20 Man. City - Sunderl. Sport 2
- 17.15 Argentina - Brasilía Sport 5
- 18.00 Celtic - Inter Sport 3
- 18.10 Everton - Tottenham Sport
- 19.00 Middlesb - Stoke Sport 4
- 19.00 John Deere Golfstöðin
- 19.50 C. Palace - WBA Sport
- 20.00 Soton - Watford Sport 3
- 22.00 S-Kórea - Hondúras Sport
- 22.00 Spánn - Litháen Sport 2
- 01.00 Brasilía - Kólumbía Sport
- 01.30 Króatía - Nígería Sport 2

## Sunnudagur

- 12.20 Bournem. - Man. Utd Sport
- 13.00 ÓL-golf karla Sport 4 & Golfs.
- 14.50 Arsenal - Liverpool Sport 2
- 17.15 Bandaríkin - Frakk. Sport
- 19.00 John Deere Golfstöðin
- 22.00 Ástralía - Venesúela Sport 2
- 01.30 Serbía - Kína Sport

# Gamli skólinn í öllu sínu veldi

Reynsluboltarnir Ólafur Jóhannesson og Bjarni Jóhannsson eru komnir með lið sín í bikarúrslit. Valsmenn eru ríkjandi bikarmeistarar en Eyjamenn hafa ekki orðið bikarmeistarar í 18 ár. Búist er við jöfnum leik.

**FÓTBOLTI** Valur og ÍBV mætast í úrslitaleik Borgunarbikars karla á Laugardalsvelli klukkan 16:00 í dag. Valsmenn eru ríkjandi bikarmeistarar en þeir unnu sannfærandi sigur á KR í bikarúrslitaleiknum í fyrra. Eyjamenn eru aftur á móti að spila sinn fyrsta bikarúrslitaleik síðan árið 2000.

Á hliðarlínunni mætast tveir reynsluboltar og elstu þjálfararnir í Pepsi-deild karla, Ólafur Jóhannesson og Bjarni Jóhannsson. Þeir eru báðir að fara í sinn fimmta bikarúrslitaleik og árangurinn er sá sami; tveir sigrar og tvö töp. Ólafur, sem er 59 ára, fór fyrst í bikarúrslit með FH árið 1991. Tólf árum síðar fór Ólafur aftur með FH í bikarúrslit en það var ekki fyrr en 2007 sem Ólafur vann loks bikarinn með FH, í þriðju tilraun. Í fyrra bætti hann svo öðrum bikarmeistaratitli á ferilskrána.

„Þetta er stærsti leikur ársins og það er frábært að taka þátt í honum,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í tilefni af bikarúrslitahelginni.

„Við þurfum að eiga góðan leik og leggjum upp með það. Þetta er svona spennustigsleikur og það er spurning hvernig spennustigið hjá leikmönnum verður. Það hefur oft ráðið úrslitum,“ sagði Ólafur. „Við stefnum að því að undirbúa okkar leikmenn þannig að þeir njóti þess að spila.“

Gengi Vals í Pepsi-deildinni í sumar hefur verið brösótt en liðið er í 6. sæti með 19 stig eftir 14 umferð-



Annar hvor fyrirlíðanna, Haukur Páll Sigurðsson (Valur), eða Avni Pepa (ÍBV), mun lyfta þessum nýja bikar seinna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Bikarúrslitaleikir Bjarna Bikarúrslitaleikir Ólafs

- 1997**  
ÍBV 1-1 Keflavík,  
ÍBV 0-0 (4-5 í vítakeppni) Keflavík
- 1998**  
ÍBV 2-0 Leiftur
- 2001**  
Fyllkir 2-2 (5-4 í vítakeppni) KA
- 2012**  
Stjarnan 1-2 KR

- 1991**  
FH 1-1 Valur  
FH 0-1 Valur
- 2003**  
FH 0-1 Á
- 2007**  
FH 2-1 Fjölnir
- 2015**  
Valur 2-0 KR

ir. Valsmenn hafa hins vegar verið öflugir í bikarkeppninni en þeir fóru erfiða leið í úrslitaleikinn og unnu m.a. Fjölni og Víking R. á útivelli.

Sömu sögu er að segja af Eyja-

mönnum sem fóru á Samsung-völlum í Garðabæ í 16-liða úrslitunum og á Kópavogsvöllinn í 8-liða úrslitunum og unnu góða sigra á Stjórnunni og Breiðabliki. Í undanúr-

slitunum bar ÍBV svo sigurorð á Íslandsmeisturum FH á heimavelli.

„Við höfum náð upp bikarstemningu, farið á mjög erfiða útivelli og fengum toppliðið í heimsókn í undanúrslitunum,“ sagði Bjarni. „Við þurfum að halda góðu spennustigi og kjarki og krafti í mönnum.“

Bjarni, sem fagnaði 58 ára afmæli sínu á nýársdag, er kominn með Eyjamenn í bikarúrslit í þriðja sinn en hann gerði ÍBV að bikarmeisturum 1998. Eyjamenn unnu þá Leiftur 2-0 í úrslitaleik með mörkum bræðranna Steingríms og Hjalta Jóhannessona. Síðan þá hefur ÍBV ekki unnið bikarinn.

„Vonandi verður sama stuðið í kringum þetta núna og var þá. Það er alltaf magnað að komast í bikarúrslit,“ sagði Bjarni sem vann bikarinn með Fylki 2001 og var svo þjálfari Stjórnunnar þegar liðið tapaði fyrir KR í bikarúrslitum fyrir fjórum árum.

Aðalvandamál Eyjamanna í sumar hefur verið að skora mörk en þeir hafa aðeins gert 13 mörk í 14 leikjum í Pepsi-deildinni. Það voru þó batamerki á sóknarleiknum í leiknum á móti Víkingi Ó. á sunnudaginn þótt ÍBV hafi einungis skorað eitt mark. Það gerði Gunnar Heiðar Þorvaldsson sem er að komast á ferðina eftir erfið meidsli.

„Það er vika á milli leikja þannig að ég á von á því að hann verði klár á laugardaginn. Hann hefur spilað lítið í sumar en við sáum í leiknum í Ólafsvík að hann er góður leikmaður og hjálpar okkur klárlega,“ sagði Bjarni að lokum. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)





Innovation  
that excites

Zero Emission

# HLAÐINN JÁKVÆÐRI ÍSLENSKRI ORKU



**NÝ 30 KWH RAFHLAÐA.  
250 KM DRÆGNI.**

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**  
Verð: 4.290.000 kr.

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

[ 30 kWh ]  
← 250 km\* →

[ 24 kWh ]  
← 199 km\* →

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



\*Drægni hverrar hlöðu mældur við uppgættar tölur frammiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEEM / SIA / NM76099



Eyglo Ósk Gústafsdóttir, úr Ægi, var ánægð þegar hún sá að hún var á leið í úrslitin í 200 metra baksundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lét hinar halda að þær þyrftu ekki að hræðast mig

Eyglo Ósk Gústafsdóttir átti eitt allra flottasta sund íslensks sundmanns í sögu Ólympíuleikanna þegar hún tryggði sér sæti í úrslitunum í 200 metra baksundi á nýju og glæsilegu Íslandsmeti. Ólympíumeistarinn sat eftir með sárt ennið en óskaði Eygló til hamingju eftir sundið. Hún segir árangurinn draumi líkan.



**SUND** Það var rosalega gaman að hitta á sundkonuna Eygló Ósk Gústafsdóttur eftir undanúrslitin í 200 metra baksundi á Ólympíuleikunum í Río í fyrrinótt því þessi 21 árs gamli Ægiringur gat örugglega ekki verið gladari þegar hún hitti undirritaðan.

Sigurviman fór ekki fram hjá neinum og það var magnað að sjá svona flottan íþróttamann vera búinn að ná metnaðarfullu markmiði sínu á stærsta sviði sundsins. Nýtt Íslandsmet og sæti í úrslitum í grein þar sem samkeppnin er þá

mikil að ríkjandi Ólympíumeistari og heimsmethafi, Missy Franklin, komst ekki í úrslitin. Missy Franklin sýndi þó rétta íþróttandann eftir sundið og óskaði Eygló Ósk til hamingju með árangurinn þótt hún sjálf hafi barist við tárin.

„Ég er næstum því að fara gráta því þetta er svo geðveikt. Ég hugsaði bara um það að mér væri alveg sama hvort ég syndi á morgun eða ekki. Ég leit bara á þetta sem seinasta sundið mitt og ætlaði bara að gefa allt í þetta,“ sagði Eygló eftir þetta frábærlega útfærða sund sitt. Hún hafði rétt áður fylgst með seinni riðlinum klárast þar sem ekki fleiri en fimm sundkonur máttu synda hraðar en hún. Fjórar syntu hraðar og ein á sama tíma. Eygló var þar með komin í hóp átta bestu sundkvennanna í 200 metra baksundi á

## 6

**Úrslitasund Eyglóar á stórmótum á síðasta eina ári: eitt á Heimsmeistaramótinu 2015, tvö á Evrópumótinu í 25 metra laug 2015, tvö á Evrópumótinu 2015 og eitt á Ólympíuleikunum 2016.**

Ólympíuleikunum í Río.

„Þetta er ólýsanlegt. Það að ég hafi verið í sjötta sætti á EM,“ segir Eygló og rifjar upp Evrópumótið þar sem Hrafnhildur Lúthersdóttir vann þrenn verðlaun en Eygló komst „bara“ í úrslit. Ég nota orðið bara því



þessar sundstelpur okkar eru fyrir löngu komnar í heimsklassa.

„Ég var nú ekki að standa mig neitt alltof vel á EM miðað við hvað ég ætlaði mér. Það að vera í sjötta sæti á EM og vera svo í sjöunda til áttunda inn á Ólympíuleikunum,“ segir Eygló og brosir.

„Evrópumótið lét aðrar stelpur kannski halda að þær þyrftu ekki að hræðast mig. Ég vona að ég hafi komið þeim á óvart,“ segir Eygló.

Hún endaði í 14. sæti í 100 metra baksundinu en ætlaði sér meira en að komast í undanúrslitin þótt það hafi verið sögulegur árangur á þeim tíma.

„Einbeitingin var á það að standa sig hér og eftir 100 metra baksundið þá viðurkenni ég það alveg að ég var orðin svolítið stressuð. Ég bætti mig ekki þar og gerði ekki það sem

mig langaði að gera sem var að fara undir mínútuna,“ segir Eygló.

„Þegar ég hugsa betur út í þetta þá vorum við þjálfarinn minn að einbeita okkur meira að 200 metra sundinu. Við vorum því ekki mikið að æfa sprettæfingar og eitthvað svoleiðis. Þetta var markmiðið,“ segir Eygló.

Fréttablaðið var farið í prentun þegar kom að úrslitasundinu í nótt. Þetta var annað úrslitasund íslenskrar sundkonu á leikunum í Río sem er mögnuð staðreynd þegar enginn hafði komist í undanúrslit fyrir þessa sögulegu leika.

„Ég á ekki að segja þetta en mér er eiginlega alveg sama hvað gerist á morgun (í nótt). Hvort ég verð langseinust eða hvort ég verð í fyrsta sæti. Bara að vera komin í úrslitin er draumi líkt,“ sagði Eygló að lokum.

## Svektur Þormóður Árni: Þetta er algjör brotlending

**JÚDÓ** Þormóður Árni Jónsson tapaði fyrstu og einu glímu sinni á Ólympíuleikunum í Río en þriðju Ólympíuleikar hans enduðu í gær þegar hann var dæmdur úr leik eftir að hafa fengið of margar refsingar í glímu sinni við Pólverjann Maciej Sarnacki.

„Það er vonbrigði að komast ekki áfram. Þetta er algjör brotlending,“ sagði Þormóður Árni Jónsson svektur skömmu eftir bardagann.

„Þetta þýðir bara að þetta mót er búið sem og ákveðið tímabil. Þetta eru kaflaskipti og bara eins og þegar menn tapa í úrslitakeppninni. Nú þarf ég að setjast niður og skoða mína frammistöðu og taka ákvarðanir,“ sagði Þormóður en er hann nokkuð hættur?

„Ég er voða lítið fyrir yfirlýsingar enda er það ekki okkar íþrótt,“ segir

Þormóður. Eina viðureign hans á leikunum var í daufara lagi og hvorugur skoraði stig áður en dómariinn dæmdi Íslendinginn úr leik.

„Hann sótti ekki eitt bragð allan tímann. Hann fór í hálf sóknir með útréttar hendur en reyndi aldrei að fara að mér. Ef hann hefði komið að mér þá hefði ég verið komin á minn heimavöll,“ sagði Þormóður en er þetta sárasta tapið á ÓL?

„Þau eru öll sár en það var samt sárara þegar ég tapaði 2008. Ég var yfir og hefði átt að vinna þá glímu,“ segir Þormóður en hann átti að gera betur. „Ég er ósáttur við að hafa ekki náð að ógna honum meira. Þetta er búið að vera vandamál með glímur ef það er lokað því ég vil frekar vera í villtari stíl. Maður verður samt að geta aðlagð sig,“ segir Þormóður.

„Ég myndi ætla það að þetta séu



Þormóður Árni berst við Maciej Sarnacki í Río í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

síðustu Ólympíuleikarnir. Bara út af fjölskyldunni og svona. Ég þyrfti að setja allt annað til hliðar síðan áramótin 2014 til 2015. Allt annað hefur þurft að bíða,“ segir Þormóður. Hann átti þá eftir að fá eldræðuna frá þjálfara sínum, Bjarna Friðrikssyni.

„Það verða ekki fögur orð. Ég held samt ég setji bara mesta pressu og væntingar á mig sjálfur. Maður vill alltaf fara fram úr væntingum,“ segir Þormóður.

„Það er alltaf ákveðinn áfangi að komast á Ólympíuleika eins og fyrir liðin að komast í úrslitakeppnina. Það var ágætt en þegar þú ert komin hingað inn þá er það bara nýtt tímabil og ný markmið. Við duttum út í fyrstu umferð og í því vill enginn lenda,“ sagði Þormóður að lokum. – ój

Skál fyrir  
Eygló & Hrafnhildi





Gestir geta meðal annars gripið sér kít í hönd í miðbæ Hafnarfjarðar í dag. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



**NÝIR TÍMAR FRAMUNDAN  
Á FRÉTTASTOFU STÖÐVAR 2  
FYLGSTU MEÐ 22. ÁGÚST**

# Líf og fjör á Lífandi laugardegi

Nóg verður um að vera á Lífandi laugardegi í miðbæ Hafnarfjarðar. Dagskráin er fjölbreytt og hentar ungum sem öldnum. Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar segist finna fyrir auknum áhuga á bænum.

Það verður líf og fjör í miðbæ Hafnarfjarðar á Lífandi laugardegi sem fer fram með pomp og prakt í dag.

Nóg verður um að vera en viðburðurinn fór einnig fram síðasta sumar við góðar undirtektir og því ekkert því til fyrirstöðu að endurtaka leikinn.

Dagskráin er fjölbreytt og hentar allri fjölskyldunni en meðal þess sem um verður að vera er götumarkaður, skottsal, blómamarkaður, PopUp Yoga og Vegan-festival á Thorsplani.

„Það er alveg frábært að fá Vegan-hátíðina inn í þetta og alla þá viðburði sem þar verða. Það verða rapparar, tónlistaratriði og grillað,“ segir Ása Sigríður Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar, en auk Markaðsstofunnar eru það eigendur og rekstraraðilar verslana í miðbæ bæjarins sem standa að viðburðinum en Ása segir að töluvert hafi bæst í flóru kaffi-, veitingahúsa og verslana í miðbænum undanfarin ár og það skili sér í auknum áhuga gesta. „Við finnum fyrir auknum áhuga á Hafnarfirði og því að fleiri gestir sækja bæinn heim.“



**VIÐ FINNUM FYRIR**

**AUKNUM ÁHUGA Á**

**HAFNARFIRÐI OG ÞVÍ AÐ**

**FLEIRI GESTIR SÆKJA**

**BÆINN HEIM.**

Fyrir yngstu gestina verða leiktæki á svæðinu og krítar, blöðrur og sápukúlur í boði. Því ættu allir að geta fundið sér eitthvað til hæfis.

Ása segir aðstandendur viðburðarins búast við lífi og fjöri í miðbænum í dag. Dagskráin hefst klukkan 12.00 í dag. PopUp Yoga hefst klukkan 13.00 í Hellisgerði og Vegan-festivalið hefst klukkan 14.00. [gydaloa@frettabladid.is](http://gydaloa@frettabladid.is).

BMW EFFICIENT DYNAMICS.  
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW 5 Series

www.bmw.is



Sheer  
Driving Pleasure



# GLÆSILEG AFMÆLISÚTGÁFA.

**BMW 525d xDRIVE. VERÐ: 9.590.000 KR.**

Í tilefni af 100 ára afmæli BMW bjóðum við fjórhjóladrifinn BMW 525d hlaðinn aukabúnaði á sérstöku afmælisverði. Aukabúnaður í afmælisútgáfunni er m.a. rafdrifin hjálparlokun á hurðum, sóllúga, lykillaust aðgengi, 360° myndavélabúnaður, fótstýrð rafdrifin opnun á farangursloki og leðurinnrétting.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

**OPIÐ Í DAG KL. 12-16**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Þau eru í óðaönn að flokka og pakka öllum eigum sínum niður og tæma húsið, Katrín Hall og Frank Fannar, því fjölskyldan er öll að flytja af landinu. Hann hefur reyndar verið dansandi suður í Evrópu síðustu átta ár, fyrst á Spáni, svo í Þýskalandi, nú í Sviss en heimili hans hefur þó verið við Suðurgötuna hjá foreldrum og systur. Nú eru þau á förum til Svíþjóðar. Það gerir dansinn. Katrín er að taka við listrænni stjórn hjá einum virtasta nútímadansflokki Evrópu, í Gautaborg. Guðjón Pedersen, fyrrverandi leikhússtjóri, maður hennar, og dóttirin Matthea Lára, 16 ára, fylgja henni.

„Maður þarf að fara í gegnum ansi margt. Það er heljar mál að koma heilli fjölskyldu út og tæma hús sem maður hefur búið í lengi,“ viðurkennir Katrín. „Ég hafði það sem forgangsverkefni að finna góðan skóla fyrir Mattheu Láru og tókst að finna alþjóðlegan menntaskóla sem vel er látið af. Hún byrjar þar 22. ágúst.“ Frank segir aðáunarvert hvað systir hans hafi tekið þessum breytingum á þroskaðan hátt, sextán ára og að flytja frá öllum vinunum. Minnst þess þegar hann hélt út í heim í dansnámið. „Ég var þó búinn með menntaskólann og fór af eigin hvötum, var líka að fara í mitt upphald – en ég var reyndar einn.“ Þetta kallar á erfða upprifjun hjá Katrínu. „Hann byrjaði í Barcelona. Við foreldrarir vorum með honum þar nokkra daga að finna íbúð og klára ýmsa praktíska hluti en þegar við skildum hann eftir, 18 ára, í þessari risastóru borg þá leið okkur skringilega og kveðjustundin var dramatísk.“ „Þetta var líka svolítið erfíð borg að byrja í, aðallega töluð spænska og katalónska,“ segir Frank. „En ég var í mjög virtum flokki fyrir unga dansara svo það var góður stökkpallur út í lífið og atvinnumennskuna. Ég var að vinna með mjög færum danshöfundum, hvað yngstur þeirra sem komu erlendis frá. Hélt aldrei að ég mundi komast inn.“

„Svo kom í ljós að hann þurfti að velja,“ upplýsir móðir hans. „Hann var að hugsa um að fara í skóla í Rotterdam dansakademíunni og komst þar inn. Ég var að setja upp verk í Graz í Austurríki og fékk hann með mér þangað í nokkra daga áður en hann fór til Barcelona í inntökuprófið, þá var honum boðinn samningur þar. Svo komst hann líka inn í Barcelona.“ Frank tekur undir þá ályktun mína að hann hafi verið þökkalegur en kveðst ekki hafa hugsað þannig á þeim tíma. Móðir hans útskýrir hvers vegna „Manni finnst maður aldrei nógu góður í þessu fagi. Aldrei fullnuma, alltaf að læra og þroskast og finna nýjar leiðir, dansinn er í eðli sínu þannig listgrein.“ Þessu er Frank sammála. „Þegar manni finnst maður orðinn nógu góður á maður að hætta því þá er leitinni hætt.“

#### Ljós móðirin dró hana í dansinn

Þó Frank sé Íslendingur inn að beini hefur hann dvalið lengur erlendis en á Íslandi á sinni ævi. Var í Köln í Þýskalandi fyrstu sex árin þar sem mamma hans starfaði á þeim tíma. Fór svo út í heim átján ára, eins og fram er komið, var í dansflokknum í Wiesbaden í þrjú ár og er nú fastráðinn í Basel í Sviss að minnsta kosti ár í viðbót.

Það er ekki erfitt að giska á af hverju hann byrjaði að dansa, verandi sonur Katrínar Hall, dansara og stjórnanda Íslenska dansflokksins um árabíl. En hvernig kynntist hún dansinum? „Ég fór með vinkonum í dans sem barn eins og gjarman gerist og þar varð ég fyrir áhrifum. Svo skræði hún amma mín, Katrín Hall ljósmóðir, mig í inntökupróf í Listdansskóla Þjóðleikhússins og dró mig þangað svo það er fyrir hennar tilverknad að ég er það sem ég er.

Ég byrjaði snemma í dansflokknum og var samhliða í MR. Það var ➔



„Yfirleitt þegar við erum á æfingum saman segir mamma: „Ekki lyfta mér, ekki lyfta mér,“ en svo lyfti ég henni og við erum bæði á lífi!“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Finnst maður aldrei nógu góður í þessu fagi

Listdans er ástríða og atvinna mæðginanna **Katrínar Hall** og **Franks Fannars Pedersen**. Bæði eru þar að takast á við ögrandi verkefni. Hún sem stjórnandi dansflokks Gautaborgar-óperunnar, hann sem dansari í Basel í Sviss auk þess að semja verk fyrir þýskan dansflokk.


# ÞÚ SLEPPUR EKKI ÚR VEFNUM



BERLINGSKE

„Spennutryllir sem ómögulegt  
er að leggja frá sér.“

AFTONBLADET



Lögfræðingurinn Martin  
tekur að sér óvenjulegt mál  
sem á eftir að vinda upp á  
sig. Fyrr en varir er hann  
fastur í ógnvekjandi lygavef  
sem hann veit ekki hver  
stjórnar.

„Kristínu Ohlsson tekst  
sérlega vel að villa um  
fyrir lesandanum.“

DAGENS NYHETER

strembið en Guðni rektor var menn- ingarlega sinnaður og sá að það var einhver alvara í þessu hjá mér svo ég var með frjálsa mætingu í 5. bekk og utanskóla í 6. bekk. Ég skil ekki alveg hvernig það gekk upp. Held ég hafi líka fengið upp í kok af bóknámi svo dansinn tók yfir. Það að gera dans- inn að atvinnu var eitthvað sem ég gat varla ímyndað mér að gæti gerst og var ekki endilega langþráður draumur heldur meira bara eðlileg framvinda.“

Frank horfir brosandí á móður sína. „Mér finnst fyndið að heyra þig lýsa þessu því þú gætir verið að tala fyrir okkur bæði,“ segir hann. „Ég var með frjálsa mætingu í menntó og utanskóla síðasta árið.“ Þegar að er gáð lauk Frank menntaskólanámi á styttri tíma en algengt er. „Ég þurfti að drífa mig. Það er stundum þann- ig þegar tækifærin koma. En ég segi eins og mamma, ég skil ekki hvernig mér tókst að ljúka prófum. Í dag lifi ég lúxuslífi, bara að vinna vinnuna mína!“ Katrín bendir á að krakkar sem velja sér feril í listum og íþrótt- um verði að vera skipulögð og öguð og það fylgi þeim út í lífið.

### Bæði með hnjávandamál

Bæði unnu Katrín og Frank við annað en dans á námsárunum. Katrín til dæmis í tiskubúðinni Evu galleríi og Sjóvá og vann sér fyrir krefjandi dansnámskeiðum í New York, Dresden og Köln. Frank kveðst hafa sumarvinnu á Subway á feril- skránni og þjónustar á Öðinsvéum „hjá Sigga frænda“ en fannst æðisleg- ast að vera í skapandi sumarstörfum hjá borginni að búa til sýningar niðri í bæ. „Það er hollt fyrir krakka að vinna fyrir hlutunum og fá ekki allt upp í hendurnar. Þau fá annað verðmætamat,“ segir Katrín. Frank kvartar ekki yfir kaupinu í Basel, kveðst þó halda að það sé lægra en hjá skúringafólkinu. „Dansararnir eru með þeim lægst launuðu í leik- húsinu þó við höfum átt farsælustu sýninguna á síðasta ári. Mest seldu. Það skilar sér ekki til okkar.“

Skyldu þau aldrei óttast að meið- ast og eyðileggja atvinnutækið? „Það er allt í lagi þó ég meiðist, ég get stjórnað með hækju,“ segir Katrín glettislega. Frank segir ekki gaman að dansa ef óttinn sé með í för, en sjaldgæft sé að dansarar detti og verði fyrir slysum, hitt sé algengt að þeir byrji hægt og rólega að finna einhvers staðar til. „Dansari lærir á líkama sinn, þekkir merkin og hugs- ar, ókei, nú þarf ég að passa aðeins betur upp á þetta svæði.“

Móðir hans tekur undir það. „Oft eru dansarar með króníska veikleika. Við Frank erum til dæmis bæði með hnjávandamál en vinnum okkur kringum þau og ef við þurfum í aðgerð þá förum við á sumrin til að vera klár í dansinn í ágúst! Álagið á líkamann er mikið og það eru gerðar æ meiri kröfur af hálfu dans- höfundu.“ Frank gripur boltann. „Já, dansformið er alltaf að þenjast út, og oft þarf maður að takast á við ýmislegt annað en dans, vera opinn fyrir öllu og þora að fara út fyrir eigin þægindaramma.“

Yfir til danshöfundarins og list- dansstjórans. „Einmitt. Stjórndur rýna mikið í persónuleika hvers og eins dansara. Danstækni er auð- vitað nauðsynleg en það skiptir líka máli hvernig dansarinn tengist áhorfendum og öðrum dönsurum og hvað hann hefur að gefa inn í flokkinn sem listamaður. Hefur jafnvel eigin hreyfiförða og spinnur með hann. Þetta er þróun sem ég tel áhugaverða því þannig er dansarinn virkur þátttakandi í sköpunarferlinu og það er gefandi og þroskandi. Svo verður hann líka að treysta dans- höfundinum til að ögra sér og finna nýjar hliðar sem hann vissi kannski ekki um sjálfur.“

Katrín tók formlega við veldis- sprotanum í dansflokki Gauta- borgaróperunnar í byrjun ágúst og er ráðin þar næstu fjögur ár með möguleika á eins árs framlengingu. Hún segir hið nýbyrjaða leikár hafa verið planað afforvera sínum. „Þessi bransi er þannig að allt er skipu- lagt svo langt fram í tímann að ég



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

## ÞESSI FJÖLSKYLDA HEFUR GETAÐ FÚNKERAÐ AF ÞVÍ AÐ MAÐURINN MINN GETUR VERIÐ

**KÆRULAUS, HANN VEGUR UPP Á MÓTI OKKUR FRANK SEM ÞURFUM ALLTAF AÐ HAFA SKÝRA MYND AF ÞVÍ SEM ER AÐ FARA AÐ GERAST. „ÞETTA REDDAST,“ ER HINS VEGAR HUGSUN SEM GUÐJÓN HEFUR TILEINKAÐ SÉR.**

Katrín Hall

er meira að segja að verða of sein að skipuleggja þar næsta leikár. Ég þarf að bretta upp ermarnar hvað það varðar en er reyndar byrjuð á því samhliða öðru. Það er margt í gangi í kollinum á mér. Þetta er stór flokkur sem ég er að taka við og því hátt fjall að klífa en jafnframt ótrú- lega ögrandi og spennandi verkefni. Sú reynsla að hafa stjórnað Íslenska dansflokknum í 15 ár og að hafa einnig starfað sjálfstætt sem höf- undur mun án efa nýfast mér vel.“

Fjögur mismunandi dansverk biða Franks í Basel, þar af tvö eftir sænska höfunda. „Þetta eru ólík verkefni svo það er spennandi leikár framundan,“ segir hann bjartsýnn en kveðst líka aðeins hafa snúið sér að því að semja dansverk. Næst á dagskránni er verk fyrir flokkinn í Mannheim. „Það er dálítið stór kókubiti. Sviðið er eitt það stærsta sem ég hef komið á, um 20 metra breitt, þannig að þetta er mikil áskorun. Ég verð að sýna líka í Basel á sama tíma. Það er tveggja tíma akstur þarna á milli og ég mun nýta tímann í lestinni til að horfa á véo af æfingum. Svo verður gott að geta hringt í mömmu og fengið ráð. Það hefur oft verið gert og verður áfram.“

„Frank hefur verið það heppinn að hann hefur fengið stór tækifæri, verandi svona ungur, bara 26 ára, svo þroski hans hefur verið hraður. Hæfileikar og mikil vinna hafa vafa- laust einnig átt þar stóran þátt,“ segir móðir hans.

En dansa þau mæðginin stundum saman? Frank kímur. „Yfirleitt þegar við erum á æfingum saman segir mamma: „Ekki lyfta mér, ekki lyfta mér,“ en svo lyfti ég henni og við erum bæði á lífi!“ „Já, maður er nú ekki alveg eins léttur og í gamla daga en hann er ofboðslega góður og sterkur partner og ég nýt góðs af því,“ segir Katrín brosandí. „Margir danshöfundar hafa aðstoðarmenn, ég hef sjaldan nýtt mér það en stundum getað fengið strákinn minn til að hjálpa mér, þegar ég hef verið

að vinna í borgum nálægt honum. Hann er afburðadansari, þekkir vel minn stíl og getur sýnt 100% það sem ég vil ná fram. Það getur verið snúið fyrir danshöfund að vera einn, þá þarf hann að gera allt í einu, tala,

## Þetta segja þau hvort um annað

### FRANK UM KATRÍNU

Hún mamma er svo ótrúlega dugleg og metnaðarfull að það er næstum því óþolandi. Mamma tekur multi- tasking á hærra plan og finnst yfirleitt best að vera að sinna minnst tíu hlutum í einu – og þá er ég að tala um á fríðögum.

### KATRÍN UM FRANK

Frank er ótrúlega heil- steypur, traustur og tilfinningaríkur. Hann þarf mikið öryggi þrátt fyrir að vera afar sjálfstæður og duglegur. Mikill hómoristi og við getum hlegið mikið saman. Hann skortir hins vegar algjörlega tímaskyn – planar að gera hundrað hluti þegar aðrir plana bara einn – og er fyrir vikið alltaf seinn.

vegar hugsun sem Guðjón hefur tileinkað sér og ég met hann og virði fyrir að hann skuli vera tilbúinn til að fylgja mér til Gautaborgar, það var ekkert sjálfgefið. Þetta hefur svo- litið einkennt okkar samband að gefa hvort öðru pláss, störfín hafa alltaf skipt okkur miklu máli og það er gagnkvæmur skilningur á því.“

Ætlar Frank kannski að verða nýr Helgi Tómasson sem er enn að, á áttæðisaldri? „Að halda áfram sem danshöfundur og stjórnaði? Ég hugsa að ég væri alveg til í það. En ég veit ekkert. Kannski vakna ég ein- hvern daginn og langar að prófa eitthvað allt annað. Pabbi var mikill leik-

## Það er gott að hafa svona fyrir- myndir eins og foreldra mína, mömmu

**SEM HELDUR ÁFRAM Í SÍNU AF BRENNANDI ÁHUGA OG PABBA SEM SVISSAR YFIR Í ALLT ANNAD. ÞAÐ SÝNIR MÉR AÐ ALLT ER MÖGULEGT OG BARA GAMAN AÐ SJÁ HVERT LÍFIÐ LEIÐIR MANN.**

Frank Fannar

það getur verið ljýandi. Ég ferðast mikið og fyrstu árin mín sem dans- ari bjuggum við maðurinn minn ekki saman, ég bjó í Köln og flakkaði þaðan um. Frank Fannar var fæddur og ég hafði sex au-pair stúlkur á mis- munandi tímum, allar dásamlegar. Maður fórnar ákveðnum öðrum þáttum við að helga sig þessu lífi.“

Þótt starfssvið fjölskyldunnar verði erlendis næstu ár fullyrða þau Katrín og Frank að þau muni koma til Íslands öðru hvoru. „Maður missir ekkert tengslin við sitt land. Hér eignum við svo sterkar rætur,“ segir Katrín fastmælt. Frank tekur undir það. „Ég nota íslenska tónlist við nýja dansverkið sem ég er að semja, tónlist eftir Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson og fleiri. Það kemur ein- hver heimatilfinning yfir mig við það. Íslensk náttúra virkar þannig á mig líka.“ Katrín er sama sinnis. „Náttúra Íslands veitir endalausan innblástur. Þar er svo margt sem hefur áhrif á mig og ég nýti beint og óbeint í minni sköpun. Það hefur líka haft áhrif á mig að búa í svona litlu samfélagi þar sem allir skipta máli og hafa rödd og þýðingu. Í stærri sam- félagum er hver einstaklingur ekki eins sterkur.“

Frank hendir þetta á lofti. „Það er tekið eftir því úti í heimi hvað Íslend- ingar skara víða fram úr. Við eignum að vera stolt af sérkennum okkar og hafa trú á þeim. Megum ekki verða of glóbaliseruð. Mér finnst til dæmis dapurlegt að horfa upp á miðborg- ina okkar breytast stöðugt og missa karakterinn. Því tek ég eftir þegar ég kem heim með vissu millibili og all- af fjölgar hótélum og túristabúðum.“

En fara þau Katrín og Frank aldrei út á djammíð að dansa eins og venju- legt fólk? „Nei,“ svarar Frank kímunn. „En það hefur oft verið dansað á Suðurgötu. Heilu dansverkin hafa orðið til þar, ekki síst á áramótum! Ég hef eflaust djammað minna og án efa dansað meira en margir jafnaldrar mínir. Sjáum svo til hvort dansað verði á áramótunum í Gautaborg.“

Frank hendir þetta á lofti. „Það er tekið eftir því úti í heimi hvað Íslend- ingar skara víða fram úr. Við eignum að vera stolt af sérkennum okkar og hafa trú á þeim. Megum ekki verða of glóbaliseruð. Mér finnst til dæmis dapurlegt að horfa upp á miðborg- ina okkar breytast stöðugt og missa karakterinn. Því tek ég eftir þegar ég kem heim með vissu millibili og all- af fjölgar hótélum og túristabúðum.“

En fara þau Katrín og Frank aldrei út á djammíð að dansa eins og venju- legt fólk? „Nei,“ svarar Frank kímunn. „En það hefur oft verið dansað á Suðurgötu. Heilu dansverkin hafa orðið til þar, ekki síst á áramótum! Ég hef eflaust djammað minna og án efa dansað meira en margir jafnaldrar mínir. Sjáum svo til hvort dansað verði á áramótunum í Gautaborg.“

Alltaf að kveðja Frank segir það neikvæðasta við listalífið vera eilíft flakk, alltaf sé verið að kveðja og mikið hangið á flugvöllum. Móðir hans tekur undir það. „Við erum búin að lifa dálítið oft við fjarveru einhvers í fjölskyldunni,



FELIX BERGSSON • INGÓ VEDURGUÐ • LÍNA LANGSOKKUR • SÆLAN  
EINAR MIKAEL TÖFRAMAÐUR • ÞRAUTABRAUT HJALTA ÚRSUS

# ÍS DAGUR



LAUGARDAGINN 13. ÁGÚST

KL. 13:00 – 16:00



Á þessu mikla forsetaári verðum með forsetapema. Smakkaðu „Guðna forseta“, Hillarís og Trumpís. Þá verða ólíkindabrogðin á sínum stað: geitamjólkurís, flensuís, reyktur ís og margir fleiri.

Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktoría@frettabladid.is



Á hverjum sunnudegi hittist hópur fólks í Óskjuhlíðinni í miðaldabúningum og larpur saman. Undirbúningurinn tekur sinn tíma enda hver persóna úthugsuð. Mikið er lagt í búningana og persónusköpun.

„Við erum bara að hafa okkur til,“ segir Oddur Georgsson er hann tekur á móti blaðamanni í íbúð sinni og kærustu sinnar, Sóleyjar Hálfðánsdóttur. Þau eru bæði svokallaðir larpur, spila LARP, Live Action Role Playing eða rauntímaspunaspil. Larp fer þannig fram að fólk klæðir sig upp í búninga og fer í leik sem líkist að mörgu leyti því sem maður sér í tölvuleikjum. Leikmennirnir eru allir fyrirfram ákveðnar persónur sem þeir hafa sjálfir skapað. Barist er með gervivopnum, sagan er ákveðin að vissu leyti fyrirfram en svo er spunnid í leiknum sjálfum. Um 50 manns mæta vanalega á larpid en um 300 tilheyra félagsskapnum.

#### Mikið lagt í persónusköpun

Það er fjölmenn á heimili þeirra Odds og Sóleyjar þennan sunnudegin. Eftir um klukkustund hefst larpid. Vinir þeirra og samspilarar, Hanna og Einar Karl, eru að hafa sig til. Þau standa úti á miðju gólfi og raða skinnpjötlum hvort á annað. Hanna heldur á stóru teppi sem þau keyptu og ætla að sníða til að nota í búning. „Ég er nýr karakter í dag, þess vegna er ég lengur að hafa mig til,“ útskýrir Einar Karl. Það tekur sinn tíma að búa til búninginn og mikið er lagt í persónusköpun. „Allir karakterarnir eru búnir til af hverjum og einum í samræmi við reglubókina sem er í notkun,“ segir Oddur.

Mikið er lagt í útlit persónanna og þar fær sköpunargleðin að njóta sín. Þau segja að sumum lörrpurnum finnst búningahlutinn skemmtilegasti parturinn af þessu, hjá öðrum er það leiklistin sem heillar eða skýlmingahlutinn. Flesta heillar þó blanda af þessu öllu og líka bara gleðin við að fá að leika sér.

Allar persónurnar í leiknum hafa nafn sem viðkomandi spilar býr sjálfur til, hálfgerð hliðarsjál.

Larphópurinn sem þau spila með hefur verið til í um þrjú ár. Einar hefur verið í larpinu í um ár en Hanna er að fara í sjötta sinn. Oddur hefur hins vegar verið með frá því að hópurinn var stofnaður. Hann fékk áhuga á larpinu eftir að hafa séð það í sjónvarpsþáttum og fór þá að athuga hvort það væri til hérlendis.

„Ég leitaði og datt niður á spjallþráð þar sem var verið að skipuleggja larp. Það hafði verið reynt áður en aldrei neitt gengið í einhvern tíma.“ Þetta var fyrir þremur árum og síðan hefur hann verið virkur. Flestir í hópnum eru á aldrinum 17-30 ára. Þó að larparnir hér séu frekar í yngri kantinum þá er það alls ekki svo alls staðar. „Eins og í Þýskalandi þangað sem ég fór á stórt larp. Þar var ein áttæð kona sem hafði larpað í yfir 50 ár,“ segir Oddur.

#### Upplifa ekki fordóma

Í larpinu sem þau eru á leiðinni í núna er spilið miðaldafantasía. Það er í gangi yfir sumartímann en leggst í dvala á veturna og þá tekur við annað larp. „Þar er vampírúbema,“ segir Oddur. Það fer fram á veitingastað í Hafnarfirði og hluti af leiknum er að fólk átti sig ekki á því að verið sé að larpa. Þau segjast ekki hafa upplifað fordóma við larpid en margir séu forvitnir. „Reyndar lenti ég einu sinni í vikingi sem fór að setja út á sverðið mitt, hvað það væri asnalegt að berjast með svona gervisverðum,“ segir Oddur en tekur fram að það



Hópurinn heldur af stað, tilbúinn í larpid. Hver og einn hefur skapað sína persónu og mikið er lagt upp úr sköpuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Mikilvægt að leika sér

Vikulega hittist hópur fólks og stundar svokallað rauntímaspunaspil eða larp, þar sem leikin er miðaldafantasía. Hver bardagi er vel undirbúinn, búningarnir þaulhugsuðir enda hefur hver persóna sín einkenni og hæfileika. Fréttablaðið fylgdist með undirbúningi fyrir larpid.

hafi ekki rist djúpt. „Fólk er aðallega bara forvitnið og vill vita meira um þetta. Við erum alltaf til í að tala um larp við fólk, við viljum fá fleiri með.“

En hvað er það sem er svona skemmtilegt við larpid? „Það er skemmtilegt að leika sér,“ segir Oddur og hin taka undir. „Búningarnir og leikurinn er mjög skemmti-

legur. Mér finnst gaman að svona leikslást. „It makes me feel powerful“ segir Auður Ósk. „Þegar þú ert bara í venjulega heiminum þá ertu bara venjuleg manneskja sem fer í skóla og vinnur. Í leiknum ertu allt í einu orðin þessi ofursterka manneskja sem getur slegist með sverði eða verið hvað sem þú vilt,“ segir Auður.

#### Spila í marga klukkutíma


Nú fer að styttest í að larpid byrji og þau að verða fullbúin. „Við erum til svona sjö á góðum degi,“ segir Einar. Þau festa síðustu hlutina við búninga. „Viltu álfa- eða svartálfaeyra,“ segir Oddur við Einar sem þiggur eitt eyra á bandi um hálsinn. Búningarnir eru að verða fullskapaðir fyrir leik dagsins. Þau taka fram

að þetta snúist ekki um keppni. „Það er enginn þannig séð sigurvegari, bara allir,“ segir Oddur áður en hann grípur vopn sitt og gerir sig tilbúinn. Hin gera það sama og þau halda á vit leiksins í Óskjuhlíðinni þar sem leikið er frameftir degi. „Maður vinnur ef maður skemmtir sér hverju sinni,“ segir hann og heldur af stað í fjöri. ➔






Í ham. Hópurinn hittist á hverjum sunnudegi í Öskjuhlíðinni. Leikurinn stendur oft klukkutímum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**ÞEGAR ÞÚ ERT BARA Í VENJULEGA HEIMINUM ÞÁ ERTU BARA VENJULEG  
MANNESKJA SEM FER Í SKÓLA OG VINNUR. Í LEIKNUM ERTU ALLT Í EINU ORÐIN ÞESSI  
OFURSTERKA MANNESKJA SEM GETUR SLEGIST MEÐ SVERÐI EÐA VERIÐ HVAÐ SEM ÞÚ VILT.**

Auður, larpari



Sóley setur á sig eyrun. Það er mikið lagt í undirbúninginn.

Einar og Hanna gera sig tilbúin. Hanna hjálpar Einari að fullkomna búninginn.



Þessi skuggavera stendur vörð.

# Enski boltinn

13. ágúst 2016



## Barist um borgina

Erkifjendurnir Pep Guardiola og José Mourinho stýra Manchester-liðunum, City og United, í vetur. Það eru litlir kærleikar þar á milli. **SÍÐA 4**

## Stærstu kaupin

Hvaða lið gerðu stærstu og bestu kaupin á félagaskiptamarkaðinum í sumar? **SÍÐA 6-7**

## Mörkin hans Gylfa

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði 11 mörk á síðasta tímabili og átti stóran þátt í að Swansea City bjargaði sér frá falli úr ensku úrvalsdeildinni. **SÍÐA 8**

# Engar afsakanir teknar gildar

**Jürgen Klopp** siglir nú inn í sitt fyrsta heila tímabil sem knattspyrnustjóri Liverpool. Þjóðverjinn hefur fengið heilt undirbúningstímabil og gert breytingar á leikmannahópnum. Þetta er núna „hans“ lið og Klopp segir að nú dugi engar afsakanir fyrir því að ná ekki árangri í vetur.

„Eftir öll þessi félagaskipti er þetta núna minn hópur. Það eru sennilega engir leikmenn í hópnunum sem ég vil ekki hafa. Það voru engir leikmenn keyptir sem ég vildi ekki fá og ég hef ekki selt neina leikmenn sem ég vildi ekki selja,“ sagði Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, í viðtali fyrr í sumar.

Þjóðverjinn hefur sitt fyrsta heila tímabil við stjórnvölinn hjá Liverpool á morgun þegar liðið sækir Arsenal heim í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

Klopp tók við Liverpool af Brendan Rodgers í október á síðasta ári. Gengið var upp og niður. Liverpool gekk ekkert sérstaklega vel í úrvalsdeildinni og endaði í 8. sæti hennar en liðið komst hins vegar bæði í úrslit deildabikarins og Evrópu deildarinnar.

Eigendur Liverpool voru hrifnir af því sem þeir sáu og gerðu nýjan sex ára samning við Klopp í sumar, sem er til marks um trúna á honum og aðferðum hans.

Klopp hefur nú fengið heilt undirbúningstímabil og ráðist í breytingar á leikmannahópi Liverpool. Þetta er núna „hans“ lið og Klopp segist ekki hafa neinar afsakanir fyrir því að ná ekki árangri.

„Ég er óhræddur við að gera breytingar, það er hluti af starfinu. Ég er ánægður með liðið núna,“

sagði Klopp. „Eins og staðan er núna ættum við ekki að leita að afsökunum og segja hluti eins og að ég þurfi ár í viðbót.“

Álagið verður minna á þessu tímabili þar sem Liverpool náði ekki Evrópusæti. Þrátt fyrir að taka við í október stýrði Klopp Liverpool í 52 leikjum á síðasta tímabili og leikjaálagið tók sinn toll.

Klopp fær því enn meiri tíma á æfingasvæðinu til að innleiða hugmyndir sínar og setja mark sitt á liðið. Liverpool spilaði nokkra frábæra leiki á síðasta tímabili þar sem liðið pressaði stíft og sótti hratt að hætti Klopp. En slakur varnarleikur var liðinu oft fjötur um fót og hann er stærsta spurningarmerkið fyrir þetta tímabil.

Nýi markvörðurinn, Loris Karius, handarbrotnaði á dögnum og missir af byrjun tímabilsins, varnarmaðurinn Mamadou Sakho var sendur heim úr æfingaferð Liverpool í Bandaríkjunum og vandamálið með stöðu vinstri bakvarðar er enn óleyst. Kamerúnski miðvörðurinn Joël Matip er þó góð viðbót við leikmannahóp Liverpool og ætti að styrkja vörnina.

Liverpool mætir sterkara til leiks en á síðasta tímabili og það eru jákvæð teikn á lofti. En það er óvíst hversu langt það fleytir liðinu. Barátta um Meistaradeildarsæti verður væntanlega hlutskipti Liverpool í vetur.



Jürgen Klopp messar yfir sínum mönnum á æfingasvæðinu. Hann fær meiri tíma þar en síðasta vetur.



## WOK ON

Nýr og spennandi asískur veitingastaður með hollustu og ferskleika í fyrirrúmi

### Komdu og smakkaðu

Wok on // Borgartúni 29 // Sími 561-6666



## LEIÐINLEGUR STÖÐUGLEIKI

Arsenal endaði í 2. sæti á síðasta tímabili en liðið hafði ekki endað ofar í ensku úrvalsdeildinni frá 2005. Skyttarnar voru samt heilum 10 stigum á eftir Leicester og skutust upp í 2. sætið í lokaumferðinni eftir skelfilegan endasprett erkióvinanna í Tottenham.

Arsenal hefur ekki unnið Englandsmeistaratilinn síðan 2004 og biðin eftir þeim næsta hefur tekið á stuðningsmenn Arsenal sem eru margir hverjir orðnir langþryggtir á ástandinu.

Það er margt verra en að vera alltaf í efstu fjórum sætum ensku úrvalsdeildarinnar, fastagestir í Meistaradeild Evrópu og spila yfirleitt góðan fótbolta. En stuðningsmenn Arsenal vilja meira og spjótin hafa beinst að Arsene Wenger, sem hefur verið við stjórnvöl-

inn hjá félaginu frá 1996.

Granit Xhaka er eini leikmaðurinn sem hefur bæst við leikmannahóp Arsenal í sumar en það er hætt við að það sé ekki nóg. Wenger er í vandræðum vegna meiðsla miðvarða liðsins og þá hefur honum ekki tekist að landa framherja. Á meðan hafa helstu mótherjarnir verið duglegir á félagaskiptamarkaðinum og eru sterkari en á síðasta tímabili.

Það er mikið af góðum fótboltamönnum í Arsenal og nokkrir þeirra (Xhaka, Aaron Ramsey og Mesut Özil) spiluðu vel á EM. Það vantar ekki mikið upp á til að Arsenal geti barist af alvöru um þann stóra en það er spurning hvort tregða Wengers og félagsins til að eyða háum fjárhæðum sé að halda aftur af Skyttunum.

UMSJÓNARMÁÐUR EFNIS **Ingví Þór Sæmundsson** [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf.  
Skaftahlíð 24 | s. 512 5000

VEFFANG  
[visir.is](http://visir.is)

ÁBYRGÐARMÁÐUR  
Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMÁÐUR AUGLÝSINGA **Atli Bergmann** | [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is) | s. 512-5457

# Miklu meira en bara ódýrt

Hítamælar  
Margar gerðir

frá 495

Ruslatínur í  
miklu úrvali

frá 395

Lyklabox  
gott úrval



frá 695

Strekkiþönd og  
farangursteygjur,  
frábært úrval

frá 365

Ný sending  
af tröppum  
og stigum

Ruslasekkir  
10/25/50 stk

Strákústar á  
tannburstaverði

Garðúðarar  
í miklu úrvali

frá 695

frá 995

Úðabrúsar 1L, 1.5L,  
2L, 5L, 8L, 16L

Barnaverkfæri,  
kústar, hrifur,  
skóflur

995

frá 3.995

Hitablásarar

1.995

Tjaldstæðatengill

frá 1.995

Kassabíla/  
hjólborudekk

8.995

frá 1.995

Kerru/Fellihýsalás

Hjólafesting á  
kúlu 3/4 hjól

frá 3.995

Bensínbrúsar 5L/10L/20L  
Plast+Blikk

Jeppatjakkur  
2.25T 52cm

19.995

frá 595

Kerruljós

12V Loftdælur  
30-35L

Mössunarrokkar 1200W  
Hraðastýrðir

frá 14.995

Loftþrýstingsmælir

frá 2.995

Ljósabretti á  
kerru

frá 4.995

Hjólhengi í loft

1.995

Hjólalásar

frá 245

Bjöllur, brúsafestingar,  
brúsar, pumpur,  
viðgerðarsett.....

12V Framlenging

Símahleðslu-  
tengi USB

frá 695

12V->230V  
Straumbreytir

frá 5.995

frá 595

12V Fjöltengi

Hjólstandur f/3 hjól

frá 5.995

frá 595

Yfirbreiðslur  
í ótal stærðum

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Baráttan um borgina

Pep Guardiola og José Mourinho eru mættir til Manchester þar sem þeir stýra erkifjendunum í City og United í ensku úrvalsdeildinni. Þeir félagar hafa lengi eldað grátt silfur, sérstaklega þegar þeir voru við stjórnvölinn hjá spænsku stórveldunum Barcelona og Real Madrid fyrir nokkrum árum

**Ingvi Þór Sæmundsson**  
ingvithor@365.is



Eftir fjögurra ára hvíld hvors frá öðrum liggja leiðir erkifjendanna Peps Guardiola og José Mourinho saman á ný, og nú í ensku úrvalsdeildinni. Og það sem meira er, þá stýra þeir svörnum fjendum frá sömu borginni; Manchester City og Manchester United.

Guardiola og Mourinho eiga sér langa sögu en leiðir þeirra lágu fyrst saman hjá Barcelona árið 1996, þegar Mourinho var túlkur/aðstoðarþjálfari Bobbys Robson og Guardiola leikmaður Katalóníulíðsins.

Þeim virðist hafa komið ágætlega saman á þeim tíma en árið 2008 breyttist allt þegar Guardiola var tek-

inn fram yfir Mourinho sem næsti knattspyrnustjóri Barcelona. Þá fyrst varð þetta persónulegt fyrir Mourinho sem virtist hafa það að aðalmarkmiði að velta Guardiola og Barcelona af stalli.

Inter-liðið hans Mourinhos sló Barcelona út í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu vorið 2010. Sigurinn skipti Portúgalann greinilega miklu máli sem sást á fagnaðarlátum hans eftir leikinn. Mourinho hljóp inn á Nývang, sinn gamla heimavöll, með fingur á lofti í sigurvímu.

Inter vann Meistaradeildina 2010 og eftir það fékk Florentino Perez, forseti Real Madrid, Mourinho til félagsins. Og verkefnið sem Mourinho fékk var einfalt; að stöðva sigurgöngu Barcelona.

Næstu tvö ár einkenndust af mikilli baráttu risanna tveggja, jafnt innan vallar sem utan. Ríðurinn milli Barcelona og Real Madrid, Guardiola og Mourinho, náði hámarki vorið 2011 þegar liðin mættust fjórum sinnum á átján dögum.

Þetta voru harðir leikir og skeytasendingarnar flugu á milli. Guardiola lét þó oftast vera að svara Mourinho en hann sprakk loksins fyrir fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þegar hann lét Portúgalann heyra það. Barcelona vann leikinn 2-0 og Mourinho var sendur upp í stúku fyrir að mótmæla rauða spjaldinu sem varnarmaðurinn Pepe fékk. Eftir leikinn fór Mourinho mikinn og talaði um að dómara, UEFA og meira og minna allur heimurinn héldi verndarhendi yfir Barcelona.

Katalóníuliðið vann spænska meistaratililinn og Meistaradeildina þetta vorið en Real Madrid náði fram hefndum á næsta tímabili. Eftir það hætti Guardiola hjá

Barcelona og tók sér ársfrí, eflaust orðinn langþreyttur á Mourinho og klækjabrögðum hans.

Nú mætast þessir fornu fjendur á ný og hingað til hefur allt verið voða dannað. Guardiola og Mourinho tala af virðingu hvor um annan og gera lítið úr rígnum á milli þeirra.

„Þetta snýst ekki um hann eða mig,“ sagði Guardiola þegar hann var kynntur til leiks hjá Manchester City. Mourinho talaði á svipuðum nótum og sagði umhverfið á Spáni hafa átt stóran þátt í rígnum á milli þeirra.

„Það voru bara tvö lið sem gátu barist um titilinn á Spáni, þess vegna var samband okkar eins og það var,“ sagði Mourinho og bætti því við að þetta yrði öðruvísi í ensku úrvalsdeildinni þar sem samkeppnin á toppnum er meiri.

Enn sem komið er hefur þetta verið á vinalegu nótunum en það er bara spurning hversu lengi friðurinn heldur. Eftir komu Guardiola og Mourinho hefur athyglin á Manchester-liðunum aldrei verið meiri. Bæði lið ollu vonbrigðum á síðasta tímabili en þau hafa blásið í herlúðra og með Guardiola og Mourinho í broddi fylkingar er ljóst að það verður barist til síðasta blóðdropa.

## PEP GUARDIOLA

Fæddur 18. júlí 1971 í Santpedor á Spáni

### Titlar:

Landsmeistari 6x  
Bikarmeistari 4x  
Meistaradeild Evrópu 2x  
Heimsmeistari félagsliða 3x

## JOSÉ MOURINHO

Fæddur 26. janúar 1963 í Setúbal í Portúgal

### Titlar:

Landsmeistari 8x  
Bikarmeistari 4x  
Meistaradeild Evrópu 2x  
Evrópukeppni félagsliða 1x





HÁGÆÐA DANSKAR

# ELDHÚSINNRETTINGAR



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.



STYRKUR - ENDING - GÆÐI

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

### Opið:

Mán. - fim. kl. 09-18

Föstud. kl. 09-17

Lokað á laugardögum í sumar



**Friiform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



Manchester United borgaði metupphæð til að fá Paul Pogba aftur á Old Trafford.

## Týndi sonurinn kominn heim

### PAUL POGBA

**23 ÁRA FRANSKUR MIÐJUMAÐUR**  
Keyptur fyrir 89,3 milljónir punda frá Juventus

Fyrr í vikunni gerði Manchester United Paul Pogba að dýrasta leikmanni allra tíma þegar félagið pungaði út rúmum 89 milljónum punda til þess að fá Frakkann aftur á Old Trafford. Upphæðin er stjarnfræðilega há, sérstaklega í ljósi þess að Pogba var á mála hjá United fyrir nokkrum árum.

Pogba yfirgaf enska liðið 2012, orðinn pirraður á að fá ekki tækifæri í aðalliði United. Á þessum fjórum árum hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Pogba vann ítalska meistaratitilinn öll fjögur tímabilin sem hann var í herbúðum Juventus, ítölsku bikarkeppnina í tvígang og komst í úrslit Meistaradeildarinnar vorið 2015.

Þá festi Pogba sig í sessi í franska landsliðinu, var valinn besti ungi leikmaðurinn á HM 2014 og hjálpaði Frakklandi að

komast í úrslit á EM í sumar.

Pogba er búinn að afreka allt þetta og er aðeins 23 ára gamall. Nú snýr hann aftur til United og á að hjálpa liðinu að komast aftur á toppinn eftir þrjú mögur ár.

„Paul er einn af bestu leikmönnum heims og verður hluti af liðinu sem ég vil búa til hér,“ sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri United, um nýjasta liðsmanninn. „Hann er fljótur, sterkur, skorar mörk og les leikinn betur en margir leikmenn sem eru eldri en hann.“

## Ekki lengur óskrifað blað

### N'GOLO KANTÉ

**25 ÁRA FRANSKUR MIÐJUMAÐUR**  
Keyptur fyrir 30,4 milljónir punda frá Leicester City

Það getur margt gerst á einu ári. Í ágúst í fyrra var N'Golo Kanté algjörlega óskrifað blað utan Frakklands en það hefur svo sannarlega breyst á undanförunum mánuðum.

Kanté sló í gegn með Leicester og átti stóran þátt í að liðið varð Englandsmeistari í fyrsta sinn. Hann vann sér sæti í franska landsliðinu, spilaði á EM í Frakklandi og var svo seldur fyrir rúmar 30 milljónir punda til Chelsea.

Kanté býr yfir nánast ómennskri hlaupagetu og er frábær í að setja pressu á mótherjann og vinna boltann. Enginn leikmaður vann fleiri tæklingar og vann boltann jafn oft að meðaltali í leik í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili en Kanté. Og þrátt fyrir



N'Golo Kanté hefur náð mjög langt á skömmum tíma.

þetta fékk Kanté aðeins þrjú gul spjöld á síðasta tímabili.

Chelsea hefur verið rólegt á félagaskiptamarkaðinum en Kanté mun vafalítið styrkja Lundúnalið-

id mikið. Antonio Conte, nýr knattspyrnustjóri Chelsea, ætlar Frakkann stórt hlutverk í að koma liðinu aftur í toppbaráttuna eftir vonbrigði síðasta tímabils.

## Draumaleikmaður Klopp

### SADIO MANÉ

**24 ÁRA SENEGALSKUR KANTMAÐUR**  
Keyptur fyrir 35 milljónir punda frá Southampton

Jürgen Klopp hefur lengi haft augastað á Sadio Mané og var ánægður þegar hann náði loks að landa Senegalanum.

„Ég er búinn að fylgjast með Sadio í nokkur ár eða frá Ólympíuleikunum 2012. Ég fylgdist með honum í Austurríki og hjá Southampton,“ sagði Klopp um Mané sem getur leyst allar stöðurnar fremst á vellinum.

Mané spilaði tvö tímabil með Southampton og sýndi þar hvers hann er megnugur. Senegalinn skoraði alls 21 mark í 67 deildarleikjum með Dýrlingunum og gaf níu stoðsendingar. Mané skor-



Sadio Mané mun spila í treyju númer 19 hjá Liverpool.

aði m.a. eftirminnilega þrennu á tæpum þremur mínútum á móti Aston Villa í maí 2015. Enginn leikmaður hefur þurft jafn lítinn tíma til að skora þrennu í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

Mané er beinskeyttur leikmaður sem er góður í að fara fram hjá varnarmönnum. Hann ætti því að smellpassa inn í þann leikstíl sem Klopp er að innleiða hjá Liverpool.

TRYGGDU ÞÉR ÁSKRIFT

## ENSKI BOLTINN ER Á STÖÐ 2 SPORT

Enski boltinn er hafinn á Stöð 2 Sport og deildin hefur aldrei verið meira spennandi. Stöð 2 Sport verður með beinar útsendingar allar helgar og sérfræðingar Messunnar fara yfir leiki vikunnar.



## ENGINN STIRÐLEIKI MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

**Icecare kynnr** Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Snorri Snorrason finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota Amínó® Liði en hann fann áður fyrir miklum stirðleika.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþætti virkni þorskpeptíða.

### GÓÐ REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir um rúmu einu ári fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólgna mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stirðleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og ég tek bara Amínó® Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir



Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri.

mér gott. Ég finn ekki fyrir stirðleika í ökkla og úlnlið og vil ég þakka það Amínó® Liðum, engin spurning.“

### MINNI VERKIR

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar

með áhrifin eins og Snorri. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og verkirnir minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft liðagigt í um þrjá-

tíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“

### AMÍNÓ® LIÐIR

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efnum chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextractið ríkt af sinki, jöði og járni sem og bólguefandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.



## MUN KRAFTMEIRI Í RÆKTINNI

Amínó® 100% er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Guðjóni Ágústi Kristinssyni sjómanni finnst það virka vel fyrir sig.

Guðjón Ágúst hefur stundað reglulega líkamsrækt í nokkur ár. „Það er að segja þegar ég er í landi, aðallega lyftingar og hlaup. Ég hef prófað alla flóruna af fæðubótarefnum með misgóðum árangri. Eftir að hafa tekið Amínó 100% í rúman mánuð hef ég aldrei verið kraftmeiri og öflugri í ræktinni. Ég hef bætt við lóðþyngdir og aukið vöðvamassa og í kjölfarið misst fitu,“ segir hann.

„Ég er töluvert fljótari að jafna mig eftir æfingar og dett ekki eins auðveldlega í óhollan mat og sukk eins og ég átti til áður. Ég mæli hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem vilja auka úthald og jafna orkustig milli mála.“

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþætti virkni þorskpeptíða.

### 100% HREIN NÁTTÚRUAFURD

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fisk-

„Ég mæli hiklaust með Amínó 100% fyrir þá sem vilja auka úthald og jafna orkustig milli mála.“

prótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Fiskprótínið er hundræð prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi.“

Hólmfríður segir markmiðið vera að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. „Fiskprótín-



Guðjón Ágúst Kristinsson sjómáður hefur notað Amínó® 100% með mjög góðum árangri.

id er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofs-tækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið sem kallast IcePro-

tein® samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum,“ útskýrir Hólmfríður.

Framleiðsla PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn rannsókna og þróunarfyrirtækisins Iceprotein hafa stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri

rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum,“ segir Hólmfríður.



Kristjana er fædd og uppalin á Íslandi. Hún hefur starfað í London um árabil.



Fiðrildi eftir Kristjönu í fánalitum þáttökulandanna á Ólympíuleikunum flögra um framhlið hótelsins í tíu mínútur á dag.



Gluggarnir á bakhlíð hótelsins eru prýddir verkum eftir Kristjönu. Þau sýna hinar ýmsu stórborgir sem hafa haldið Ólympíuleikana hingað til með hennar augum.



Stórt verk eftir Kristjönu prýðir móttöku hótelsins.

# ÍSLENSK LIST PRÝÐIR HÓTEL Í RÍÓ

Verk íslensku listakonunnar **Kristjönu S. Williams** prýða Hótel Belmont Copacabana í Ríó í tilefni af Ólympíuleikunum. Þetta eru myndbandsverk sem varpað er á framhlið hússins, gluggalistaverk á bakhlíðinni og vegglistaverk innandyr.

Vera Einarsdóttir  
vera@365.is



Myndbandsverk Kristjönu var frumsýnt á framhlið Hótel Belmont Copacabana í Ríó í Brasilíu 31. júlí en í því er flögrandi fiðrildur í fánalitum þáttökulandanna á Ólympíuleikunum varpað á húsið. Síðan hefur verkið verið sýnt á hverjum degi klukkan sjö að

staðartíma í tíu mínútur í senn og flögra þá fiðrildi í fánalitum þeirra landa sem hafa náð á verðlaunapall þann dag um hótelið. Fánafiðrildir eru táknræn fyrir allar þær þjóðir sem koma saman á leikunum og er ætlað að fagna fjölbreytileikanum.

Mikill fjöldi fólks var viðstaddur frumsýninguna en síðan hefur fólk safnast saman á ströndinni fyrir framan hótelið til að virða fyrir sér verk dagsins. Þá hafa yfir tvær milljónir manna skoðað

myndband af verkinu sem Kristjana deildi á Facebook-síðu sinni í upphafi mánaðar.

Belmond Copacabana hótelið í Ríó er hluti af Belmond-hótelkeðjunni sem rekur lúxushótel um allan heim. Hótelið er þekkt kennileiti í Ríó og ein mest myndaða bygging borgarinnar. Gluggaverkin á bakhlíð hótelsins sýna hinar ýmsu stórborgir víðsvegar um heim sem hafa haldið Ólympíuleikana hingað til með augum Kristjönu. Má þar

nefna London, Apenu, Ríó og Tókýó, þar sem leikarnir verða haldnir 2020. Innandyr hanga svo verk eftir hana í móttökunni og víðar.

Kristjana er fædd og uppalin á Íslandi. Hún nam teikningu og grafíska hönnun í Central St. Martins í London og gegndi í kjölfarið starfi listræns stjórnanda Beyond the Valley í átta ár, en það er vettvangur fyrir unga og upprennandi hönnuði í Bretlandi til að koma sér á framfæri. Í dag rekur hún eigið

stúdíó í London og selur myndir, ýmiss konar textíl og myndskreytt húsgögn auk þess sem von er á fatalínu í haust.

Verk Kristjönu hafa víða vakið athygli og hefur hún þegar unnið til fjölda verðlauna. Má þar nefna D&AD, Clio og Grand Prix verðlaunin.

Sumar af vörum Kristjönu fást í Kraumi. Sjá nánar á [www.kristjanawilliams.com](http://www.kristjanawilliams.com)

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMADUR: Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367

Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357

SÖLUMENN: Atli Bergmann, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433

VERTU VELKOMIN Í GOTTÍS Á BLÓMSTRANDI DÖGUM

# Mekka íssins

## Er um í miðbæ Hveragerðis

Ís í vél, 4 tegundir | Kúluís  
Pinnáís | Krap | Bragðarefur  
Ísfrappó | Sælgæti | Franskar  
Samlokur | Gos | Snakk  
Bland í poka | Pylsur | Kaffi

OPNUNARTÍMI

OPÍÐ 12-22 ALLA DAGA

Breiðamörk 10, Hveragerði



**FAGNAÐU HAUSTINU  
FAÐMAÐU LITINA  
VIÐ FYLLUM Á GLEÐINA**

comma,



commalceland  
Smáralind



Salt eldhús er í falletgu rými á efstu hæð í Þórunnartúni 2. Hér nýtur Sigríður þess að kenna áhugasömu fólki ýmislegt um matargerð. Í vetur verða svo fjölbreytt námskeið í boði. MYND/EYÞÓR

# SIGRÍÐUR KOMIN Í SALT

**Sigríður Björk Bragadóttir**, matreiðslumaður og matargúró, sem hefur síðustu fjögur ár starfað sem ritstjóri Gestgjafans, skipti um gír síðastliðið vor þegar hún keypti Salt eldhús. Í stað þess að miðla uppskriftum og fróðleik til lesenda fræðir hún nú áhugasama nemendur augliti til auglitis um mat og matargerð.

Sólveig Gísladóttir  
solveig@365.is



„Tími minn á Gestgjafanum var búinn að vera rosalega skemmtilegur og í raun var ég í draumastarfinu,“ segir Sigríður sem starfaði hjá Gestgjafanum í tíu ár, sex sem blaðamaður og fjögur sem ritstjóri. „Ég var þó aðeins farin að huga að því hvað ég gæti tekið mér fyrir hendur næst þegar ég frétti af því að Auður Ögn Árnadóttir ætlaði að selja Salt eldhús. Ég hafði komið þangað nokkrum sinnum á námskeið og líkað mjög vel. Ég hafði því strax samband við Auði.“

Sigríður bendir á að Auði hafi ekki verið sama um hver tæki við Salt eldhúsi enda hafi það verið hennar hugarfóstur. „Sem betur fer var hún mjög ánægð með mig enda hefur hún hjálpað okkur mikið við fyrstu skrefin,“ segir Sigríður, sem nýtur dyggrar aðstoðar eiginmannsins, fjármála- stjórans Sigurðar Grendal Magnússonar, í rekstrinum.

**KENNIR FERÐAMÖNNUM**  
Starfsemi Salts eldhúss gengur út



Sigríður Björk Bragadóttir.

á fjölbreytt matreiðslunámskeið. Á sumrin liggur þó hefðbundin starfsemi niðri en þess í stað er boðið upp á hádegisnámskeið fyrir erlenda ferðamenn. „Það hefur verið mikið um að vera í allt sumar og námskeið nánast á hverjum degi. Þá koma til mín ferðamenn og borða fjögurra rétta máltíð sem þeir elda sjálfir, drekka vín og fara héðan afar kátir og glaðir með fullt af upplýsingum um Ísland, íslenskt hráefni og íslenska siði,“ upplýsir Sigríður. Flestir koma ferðamennirnir frá Bandaríkjunum og Bretlandi. „Við vonumst til

að fjölga ferðamönnum frá öðrum löndum, sér í lagi væri gaman að fá fleiri Frakka enda þjuggum við þar í landi um skeið.“

## MEÐFÆDDUR MATARÁHUGI

Mataráhuginn hefur fylgt Sigríði frá unga aldri. „Ég eldaði og bakaði heima og fannst matreiðslutímarnir í skólanum langskemmtilegastir,“ segir Sigríður glettin, en hún segist koma úr fjölskyldu þar sem matarástin ráði ríkjum. „Mamma og amma voru mjög góðir kokkar og elsti sonur minn sér um bæði mat og bakstur á sínu heimili,“ segir hún stolt. En hvað með eiginmanninn? „Hann er mjög góður smakkari og það er ómetanlegt að hafa einhvern sem segir sitt álit,“ segir hún glaðlega.

Sigríður lærði til kokks og hafði starfað sem slíkur bæði á veitingastöðum og kaffihúsum þegar hún hóf störf á Gestgjafanum. Mestum fróðleik hefur hún þó viðað að sér með endalausum grúski enda er matargerð áhugamál hennar númer eitt, tvö og þrjú.

## ÝMSAR NÝJUNGAR

Sigríður vinnur nú að því að skipuleggja veturinn. Hún býst við að vinsæl námskeið haldi áfram en auk þess er ætlunin að bæta við einhverjum nýjungum. „Mig langar til dæmis að bæta við námskeiðum í götumat eða streetfood, og „plating“ en þar lærir fólk að setja mat fallega upp á disk,“ segir Sigríður og hlakkar mjög til annarsamstarfsins.

Ný vefsíða, www.salteldhus, fer í loftið á næstu vikum með upplýsingum um öll námskeið vetrarins.

Sigríður gefur hér uppskrift að forrétti sem er hluti af matseðli sem hún kennir útlendingum. „Við kennum þeim að nota íslenskt hráefni og að steikja fisk með stökku roði. Margir hverjir hafa aldrei smakkað bleikju, hvað þá borðað roð. Þetta slær alltaf í gegn.“



Girnilegur forréttur sem Sigríður kennir ferðamönnum að elda.

